á eðlilegu endurgjaldi fyrir sköpunarverk sitt. Því hefur höfundarétturinn gífurlega viðskiptalega þýðingu sem lagagrundvöllur viðskipta með verk sem falla undir höfundavernd. Nægir að nefna alþjóðlegan kvikmynda- og tónlistariðnað sem dæmi um viðskiptalega þýðingu höfundaréttar. Í námskeiðinu er ætlunin að fara yfir þær reglur sem gilda um höfundarétt, hverjir njóta verndar samkvæmt höfundarétti, hvaða verk njóti verndar, hvaða takmarkanir séu á vernd og til hvers þær eru, umsýslu höfundaréttinda og hvernig viðskipti fara fram með verk sem falla undir höfundarétt. Farið verður yfir að hvaða leyti reglur um vernd höfundaréttinda eru samræmdar á alþjóðavettvangi og hvar samræmingu vantar og hvaða áhrif það hefur á alþjóðaviðskipti. Fjallað verður sérstaklega um höfundarétt og netið og/eða önnur mál sem eru ofarlega á baugi á sviði höfundaréttar á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir almennri grunnþekkingu í höfundarétti.

**Lesefni:** World Copyright Law. Sterling, J.A.L.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, umræðutímar, verkefnavinna nemenda

**Námsmat:** Verkefnavinna, þ.m.t. þátttaka í umræðum og verkefnum í tíma 60%, munnlegt próf 40%.

**Tungumál:** Íslenska/enska

## **L-806-FELA Málstofa um stjórnhætti hlutafélaga** 3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Haustönn 2008

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennari:** Áslaug Björgvinsdóttir

**Námsmarkmið:**

Nemendur öðlist aukinn skilning á reglum um stjórnkerfi hlutafélaga og hlutverki þeirra og enn fremur fræðist um inntak og þróun svokallaðrar stjórnháttaumræðu (Corporate Governance). Nemendur kunni skil á hlutverki, samspili, valdsviði og ábyrgð stjórnar, framkvæmdastjóra, hluthafa og endurskoðenda í hlutafélögum og stöðu annarra haghafa sem tengjast starfsemi hlutafélaga

**Lýsing:** Í námskeiðinu verður fjallað ítarlega um stjórnkerfi hlutafélaga m.a. í samamburði við erlendan rétt og þróunina í Evrópu. Í námskeiðinu verða til umfjöllunar svokallaðir stjórnhættir (Corporate Governance), þ.e. hvernig er skipað/á að skipa hlutverki og samskiptum hluthafa og stjórnenda sem í sameiningu móta stefnu félagsins, taka ákvarðanir í málefnum þess og ráða framferði þess í viðskiptum. Fjallað verður um sérstöðu hlutafélagaformsins, hagsmunaárekstra sem skipulag og starfsemi þeirra skapar og þau álitæfni sem löggjafinn og aðrir reglusetningaraðilar standa frammi fyrir við setningu reglna um þetta félagaform. Jafnframt því að gera skil hlutverki og ábyrgð stjórnendanna (félagisstjórnar og framkvæmdastjóra) og stöðu hluthafa, verður

stöðu endurskoðenda í hlutafélögum gerð sérstök skil, þ.e. hlutverki þeirra og ábyrgð í vegna starfa þeirra fyrir hlutafélög samkvæmt hlutafélagalögum, lögum um endurskoðendur og ördum reglum. Aðrir haghafar sem tengjast rekstri hlutafélaga koma einnig til skoðunar. M.a. verða skoðaðar reglur og sjónarmið um umgjörð áhrifa hluthafa og eftirlits þeirra með stjórnendum félagsins, skipan stjórnar og hæfi stjórnarmanna, þ.á m. sérreglur íslensks réttar um hlutfalls- og margfeldiskosningar, ákvörðun launa/þóknunnar stjórnenda samþil stjórnar og framkvæmdastjóra, viðskipti tengdra aðila og reglusetningaaðferðir.

**Lesefni:** Tilkynnt síðar

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, umræðutímar, verkefni og heimsóknir.

**Námsmat:** Próf 60% og verkefni 40%.

**Tungumál:** Íslenska

## L- Neytendamarkaðsréttur

3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Haustönn 2008

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Æskilegt að nemendur hafi lokið samningarétti

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn.

**Kennari:** Gísli Tryggvason.

**Námsmarkmið:**

Markmið valnámskeiðs í neytendamarkaðsrétti er

- að nemendur í námskeiðinu tileinki sér megineinkenni neytendamarkaðsréttar, þ.e. stöðu hans í fræðikerfi lögfræðinnar, helstu réttarheimildir og samhengi neytendamarkaðsréttar við önnur svið og greinar og
- að meginþorri nemenda geti auk þess beitt megin lagabálkum og öðrum helstu réttarheimildum, greint einstök álitamál og gagnrýnt lausnir á þeim.

**Lýsing:** Neytendamarkaðsréttur (eða neytendaréttur í rýmri merkingu) er ný fræðigrein á Íslandi sem skipta má í tvo meginþætti:

- markaðsrétt, sem er á sviði allsherjarréttar, og
- neytendarétt, sem svo mætti nefna (í þrengri merkingu) og er safn einkaréttarlegra reglna.

**Meginverkefni námskeiðsins er**

- að skilgreina og gagnrýna hið lagalega hugtak „neytandi“ og mismunandi afmörkun þess,
- að miðla grundvallaratriðum í neytendamarkaðsrétti,
- að fara yfir stöðu neytendamarkaðsréttar innan fræðikerfis lögfræðinnar og tengslum hans við aðrar greinar en lögfræði,
- að greina það sem neytendamarkaðsréttur á sameiginlegt með skyldum fræðigreinum, svo sem vinnumarkaðsrétti, og tengdum réttarsviðum,

- að leggja áherslu á að skýra hvað aðgreinir neytendamarkaðsrétt og skyldar fræðigreinar frá tengdum réttarsviðum, svo sem samkeppnisrétti og hefðbundnum greinum fjármunaréttar, bæði almennum greinum og sérstökum (undir)greinum, svo sem leigurétti,
- rekja helstu réttarheimildir, einkum lagabálka, en einnig Evrópureglur og fyrirliggjandi fordæmi íslenskra og norrænna dómstóla og ekki síst úrskurðarnefnda og annarra úrlausnaraðila og álitsgjafa og áhrifaðila og
- kynnast fyrirliggjandi stofnanakerfi neytendamarkaðsréttar og mögulegum réttarúræðum til þess að fylgja eftir efnisreglum.

Megináherslan verður á gildandi rétt (de lege lata) en þar sem neytendamarkaðsréttur telst mjög framsækið réttarsvið verður rætt meira en í eldri fræðigreinum um æskilegar réttarbætur (de lege ferenda) og ekki síður mögulegar niðurstöður úrlausnaraðila (de sententia ferenda).

**Lesefni:** Tilkynnt síðar.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar kennara og eftir atvikum gestakennara í tengdum fræðigreinum og heimsóknir til stofnana sem tengjast efni námskeiðsins, umræður og verkefni sem nemendur vinna undir leiðsögn kennara.

**Námsmat:** Símat á borð við einstaklingsverkefni, ritgerð og eftir atvikum hópavinnu 70% og lokapróf 30%.

**Tungumál:** Íslenska.

## **L-811-PJIL The Philip C. Jessup Int. Law Moot Court Compet.**

6 ein./12 ECTS

A

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Haustönn 2008

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** L-503-THJO, Þjóðaréttur

**Skipulag:** Tilkynnt síðar

**Kennari:** Þórdís Ingadóttir

**Námsmarkmið:**

Markmiðið með námskeiðinu er að gefa nemendum tækifæri til að takast á við krefjandi raunhæft verkefni þar sem reynir á ýmis svið þjóðaréttar. Námskeiðinu er ætlað að gera nemendur hæfari til að skilgreina og leysa þjóðréttarleg álitæfni, styrkja rannsóknarfærni þeirra, rökfestu og málflytning.

**Lýsing:** Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition hefur verið haldin í 45 ár og taka yfir 500 lagaskólar frá meira 80 löndum þátt í keppinni. Á hverju hausti gefur stjórn keppinnar út málsatvik og ágreining sem hefur verið lagður fyrir alþjóðadómstól. Álitæfnin eru á sviði þjóðaréttar. Keppendur þurfa að útbúa og leggja fram greinargerðir fyrir báða aðila málsins. Í greinargerðum reynir líka á skilmerka

afmörkun álitaeftna, skýran rökstuðning og sterka uppbyggingu. Nemendur þurfa taka þátt málflutningskeppni sem haldin er milli þeirra lagaskóla á Íslandi sem taka þátt í keppninni hverju sinni. Málflutningurinn krefst góðrar framsögu, ræðutækni, rökfestu og enskukunnáttu. Sigurliðið kemst áfram í lokakeppnina sem haldin er í Washington um vorið.

**Lesefni:** Tilkynt sýðar

**Kennsluaðferðir:** Vinnuhópar undir leiðsögn kennara

**Námsmat:** 75% einkunn fyrir greinargerð og málflutning, 25% þátttökeinkunn.

**Tungumál:** Íslenska/enska

## **L-808-UMHV Umhverfísréttur**

3 ein./6 ECTS

A

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Haustönn 2008

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennarar:** Ragna Árnadóttir, Sigríður Auður Árnadóttir

**Námsmarkmið:**

Markmiðið er að nemendur fái heildaryfirsýn yfir réttarsviðið og tileinki sér helstu meginreglur sem þar gilda, bæði að landsrétti og þjóðarétti. Einnig verður farið yfir stjórnsýslu á sviði umhverfísréttar.

**Lýsing:** Í námskeiðinu er fjallað um íslenskar og alþjóðlegar réttarreglur er varða vernd umhverfisins og auðlindir þess, jafnt á landi, sjó og í lofti. Fjallað er um stjórnsýslu á sviði umhverfismála, aðgang að upplýsingum, skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum, svo og mengunarvarnir, náttúruvernd og veiðistjórnun. Fjallað er um skaðabótaábyrgð vegna mengunartjóns. Þá er fjallað um mengunarbrot og eftirlit innan stjórnsýslunnar og réttarvörslukerfisins.

**Lesefni:** Tilkynt sýðar

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og umræður

**Námsmat:** Verkefni 50%. Munnlegt próf 50% úr öllu námsefni

**Tungumál:** Íslenska

## **L- Utanríkismál Íslands**

3 ein./6 ECTS

E

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Haust 2008

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið, þverfaglegt námskeið



**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennari:** Guðni Th. Jóhannesson

Námskeiðið telst ekki til lögfræðieininga ef nemandi hyggst ljúka fullnaðarprófi í lögfræði.

**Námsmarkmið:**

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemendur:

- öðlist þekkingu og skilning á sögu íslenskra utanríkismála og alþjóðavæðingu Íslands frá miðri síðustu öld til okkar daga.
- átti sig á þeirri spennu sem hefur gætt undanfarna áratugi milli þeirra Íslendinga sem óttast erlend áhrif og þeirra sem telja að velmegun landsins byggist á sem mestum samskiptum og viðskiptum við aðrar þjóðir.
- átti sig á bakgrunni, staðreyndum og godsögnum í sambandi við „útrásina“ í íslensku efnahagslífi undanfarin ár.

**Lýsing:** Fyrir um hundrað árum og fram á miðja síðustu öld var Ísland eitt fátækasta land Evrópu. Landið var skuldum vafið rétt fyrir seinni heimsstyrjöld og algerlega háð fiskveiðum og fiskisölu. Ísland var að ýmsu leyti í sömu kreppu og Nýfundnaland, annað eyland á Atlantshafi, sem varð í raun gjaldþrota og missti fullveldi sitt.

En síðan breyttist allt á Íslandi: Seinni heimsstyrjöldin færði landsmönnum fljóttekinn gróða og svipað gerðist í kalda stríðinu. Þjónusta við herlið, hagkvæmur aðgangur að fiskmörkuðum og lán, styrkir og gjafir styrktu efnahagslífið. Hins vegar vöknudu áleitnar spurningar um hin erlendu áhrif; hversu mikil þau skyldu vera, að hve miklu leyti Íslendingar ættu að tengjast umheiminum og á hvaða forsendum. Þetta sýndi sig til dæmis í viðhorfi ráðamanna og almennings til stóriðju, Evrópusamruna og útfærslu fiskveiðilösgunnar.

Síðustu tvo áratugi hafa samskipti Íslands við umheiminn svo tekið stakkaskiptum, einkum vegna inngöngu landsins í Evrópska efnahagssvæðið, brotthvarfs Bandaríkja-hers og síaukinna umsvifa íslenskra fyrirtækja í útlöndum. Ísland er nú eitt efnáasta ríki heimsins, þótt það sé eitt hið fámennasta, og þessi gerbylting á innan við öld gefur tilefni til ýmissa spurninga sem leitast verður við að svara í námskeiðinu.

**Lesefni:** Ýmsar greinar um íslensk utanríkismál

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, gestafyrirlestrar, umræðutímar.

**Námsmat:** Ritgerð og skriflegt lokapróf.

**Tungumál:** Íslenska/enska

## **L-732-WICA Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot (I)**

3 ein./6 ECTS

A

**Ár:** 1. ár/2. ár

**Önn:** Haustönn 2008

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Aðeins fyrir þá nemendur sem hafa lokið grunngráðu í lögfræði

**Skipulag:** Sjá námskeiðslýsingu

**Kennari:** Þórður S. Gunnarsson

**Námsmarkmið:**

Nemendur eiga í lok námskeiðsins að kunna góð skil á UN Convention on Contracts for the International Sale of Goods (CISG) og þeim réttarreglum öðrum og lögfræðilegu sjónarmiðum er við eiga í alþjóðlegum lausafjárkaupum. Þá eiga nemendur að hafa öðlast verulega reynslu og þjálfun í gerð sóknar- og varnarskjala og málflutningi fyrir alþjóðlegum gerðardómi.

**Lýsing:** Námskeiðinu er skipt í tvo hluta (I) og (II). Vinna við námskeiðið hefst í byrjun september og lýkur með þátttöku í málflutningskeppni sem fram fer í Vínarborg í Austurríki í mars eða apríl. Í fyrri hluta námskeiðsins (I), sem metinn er til 3 eininga (6 ECTS), þurfa nemendur að semja stefnu (Memorandum for claimant) byggða á málsatvikalýsingu sem að jafnaði er birt í fyrstu viku október. Öll skjalagerð í námskeiðinu er á ensku. Álitafnið lýtur að ágreiningi um alþjóðaviðskipti með lausafé (International Sale of Goods) á grundvelli UN Convention on Contracts for the International Sale of Goods (CISG). Stefnunni þarf að skila í byrjun desember. Áður en vinna við stefnugerðina hefst og meðan á henni stendur þurfa nemendur að kynna sér ítarlega CISG samninginn með lestri fræðiritra og greina og könnun á dómum. Í síðari hluta námskeiðsins (II) sem fram fer á vorönn og metinn er til 3 eininga (6 ECTS) þurfa þátttakendur að semja og skila vörn. Í framhaldi af henni fer fram undirbúningur vegna málflutnings fyrir gerðardómi og loks þátttaka í sjálfri keppninni í Vínarborg. Reglur keppinnar mæla svo fyrir að þátttakendur í námskeiðinu/keppninni skuli vinna sjálfir og án verulegrar aðstoðar frá öðrum en samnemendum að samningu stefnu og varnar og undirbúningi málflutnings. Lagadeildin leggur þátttakendum til vinnuaðstöðu vegna alls undirbúnings. Þá mun deildin jafnframt, eftir því sem reglur keppinnar heimila, leggja þátttakendum til leiðsögn t.d. vegna málflutningsþáttarins. Gert er ráð fyrir að þátttakendur þurfi ekki að greiða ferða- og gistikostnað vegna ferðarinnar til Vínarborgar meðan á keppninni stendur. Hámarksfjöldi þátttakenda í námskeiðinu er átta en lágmarksfjöldi fjórir. Sækja þarf sérsaklega um þátttöku í námskeiðinu, sbr. nánari upplýsingar á heimasíðu námskeiðsins. Lögð er veruleg áhersla á að þátttakendur í námskeiðinu búi yfir góðri ensku kunnáttu bæði skriflegri og munnlegri enda er öll skjalagerð og málflutningur á ensku. Nánari upplýsingar um keppnina er að finna á eftirfarandi slóð: <http://www.cisg.law.pace.edu.vis> og eru þeir sem áhuga hafa á þátttöku hvattir til að kynna sé þessar upplýsingar rækilega m.a. reglur keppinnar (rules) auk neðangreindra almennra upplýsinga.

Goal of the Vis Arbitral Moot: The goal of the Vis Arbitral Moot is to foster the study of international commercial law and arbitration for resolution of international business disputes through its application to a concrete problem of a client and to train law leaders of tomorrow in methods of alternative dispute resolution. Structure of the Moot: The business community's marked preference for resolving international commercial disputes by arbitration is the reason this method of dispute resolution was

selected as the clinical tool to train law students through two crucial phases: the writing of memorandums for claimant and respondent and the hearing of oral argument based upon the memorandums -- both settled by arbitral experts in the issues considered. The forensic and written exercises require determining questions of contract -- flowing from a transaction relating to the sale or purchase of goods under the United Nations Convention on Contracts for the International Sale of Goods and other uniform international commercial law -- in the context of an arbitration of a dispute under specified Arbitration Rules. In the pairings of teams for each general round of the forensic and written exercises, every effort is made to have civil law schools argue against common law schools -- so each may learn from approaches taken by persons trained in another legal culture. Similarly, the teams of arbitrators judging each round are from both common law and civil law backgrounds. Sponsors of the Moot: The Vis Arbitral Moot is sponsored by the American Arbitration Association, the International Arbitral Centre of the Austrian Federal Economic Chamber, the Chartered Institute of Arbitrators, Chicago International Dispute Resolution Association, Court of International Commercial Arbitration, Romania, German Institution of Arbitration (DIS), the International Chamber of Commerce, the London Court of International Arbitration, the Moot Alumni Association, the Singapore International Arbitration Centre, Swiss Arbitration Association (ASA) and the Swiss Chambers' Arbitration.

**Lesefni:** Understanding the CISG in Scandinavia. Joseph Lookofsky.

Arbitration Interactive. Klaus Berger. Ýmis önnur rit, dómar og fræðigreinar m.a. í rafrænum gagnagrunnum.

**Kennsluaðferðir:** Sjá um kennsluaðferðir í lýsingu námskeiðsins.

Námsmat: Námsmat byggir á frammistöðu í skriflegri skjalagerð og málfutningi. Ekki er gefin töluleg einkunn í námskeiðinu heldur "staðið" eða "fall".

**Tungumál:** Íslenska/Enska

## Vor 2009

### **L-822-AFUD Alþjóðadómstólar og friðsamlegar úrlausnir deilumála**

3 ein./6 ECTS

A/E

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennari:** Þórdís Ingadóttir

**Námsmarkmið:**

Markmið námskeiðsins er að nemendur kunni skýr skil á mismunandi aðferðum við úrlausn deilumála í þjóðarétti, hvert sé inntak þessara úrræða og eðlismunur. Þá skulu nemendur öðlast þekkingu á alþjóðadómstólum, lögsögu þeirra og framkvæmd.

**Lýsing:** Námskeiðið fjallar um þá grundvallarreglu þjóðaréttar að ríki leiti fríðsamlegra úrlausna á deilumálum sínum. Rætt verður um hinar mismunandi aðferðir við lausn deilumála, hvort sem það eru diplómátískar lausnir eða úrlausnir dómstóla. Farið verður m.a. yfir samningsumleitarnir, rannsóknir og sáttagerð. Þá verður ítarleg umfjöllun um alþjóðadómstóla og farið yfir lögsögu þeirra, málsmeðferðarreglur og framfylgd dóma. Eftirfarandi dómstólar verða m.a. kannaðir: Alþjóðadómstóllinn í Haag, Hafréttardómstóllinn, EFTA-dómstóllinn, Mannréttindadómstóll Evrópu og Alþjóðasakadómstóllinn. Skoðuð verður réttaraðild ríkja, alþjóðastofnana, fyrirtækja, samtaka og einstaklinga að þessum stofnunum.

**Lesefni:** International Dispute Settlement. J.G. Merrills.

**Kennsluáðferðir:** Fyrirlestrar og umræður. Nemendur flytja framsögu um ritgerð-arefni í pallborðsumræðum.

**Námsmat:** Ritgerð og framsaga 60%, skriflegt lokapróf 40%.

**Tungumál:** Íslenska/enska

**L-823-ALFJ Alþjóðlegir fjármagnsmarkaðir**

3 ein./6 ECTS

A/E

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Umsjón:** Aðalsteinn Egill Jónasson

**Kennari:** Einar Páll Tamimi

**Námsmarkmið:**

Markmið námskeiðsins er að gefa nemendum yfirsýn yfir þær reglur sem gilda um hina mismunandi fjármagnsmarkaði í heiminum. Áhersla er lögð á að nemendur hafi samanburð á mismunandi regluverki hinna ýmsu markaða.

**Lýsing:** Horft verður til Evrópu, Bandaríkjanna og Asíu og gerður samanburður á þessum mörkuðum. Farið verður yfir mismunandi reglur sem gilda um þessa markaði, hvernig þeir tengjast, reglur um uppgjör og gerður samanburður á reglum um eftirlit. Sérstaklega verður farið yfir alþjóðasamstarf um hina mismunandi þætti alþjóðlegra fjármagnsmarkaða.

**Lesefni:** International Finance, transactions, policy, and regulation. Hal S. Scott.

**Kennsluáðferðir:** Fyrirlestrar, verkefni og umræðutímar.

**Námsmat:** 70% munnlegt próf, 30% verkefni

**Tungumál:** Íslenska/enska

## **L-Alþjóðlegir og innlendir fjármögnunarsamningar** 3 ein./6 ECTS

A/E

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Umsjón:** Aðalsteinn Egill Jónasson

**Kennari:** NN

**Námsmarkmið:**

Markmið námskeiðsins er að gefa nemendum yfirsýn yfir þær leiðir sem fyrirtæki hafa til að fjármagna starfsemi sína og þekkja helstu skilmála þeirra samninga sem notast er við. Í lok námskeiðsins eiga nemendur að þekkja til helstu fjármögnunarleiða og kunna skil á þeim lögfæðilegu álitafnum sem koma upp í tengslum við gerð og framkvæmd slíkra samninga.

**Lýsing:** Farið verður yfir mismunandi tegundir af samningum sem notaðir eru við fjármögnun fyrirtækja, bæði í innlendu og alþjóðlegu samhengi. Farið verður sérstaklega yfir þá fjármögnunarsamninga sem bankarnir notast við þegar þeir eru að fjármagna sig og mismunandi tegundir fjármögnunarleiða (útgáfa víxla, útgáfa skuldabréfa sem eru ýmis skráð eða óskráð alþjóðlega, verðbréfun (syndicated loan agreements), sértryggð skuldabréf (covered bonds) o.fl.

**Lesefni:** Tiltekið síðar

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, verkefni og umræðutímar

**Námsmat:** 70% munnlegt próf eða skriflegt próf, 30% verkefni

**Tungumál:** Íslenska/enska

## **L-802-ALES Alþjóðlegur skattaréttur** 6 ein./12 ECTS

A

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 60 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennarar:** Gunnar Gunnarsson, Jón Elvar Guðmundsson, Ágúst Guðmundsson  
**Námsmarkmið:**

Markmiðið með námskeiðinu er að undirbúa nemendur undir verkefni þar sem reynir á beitingu skattalaga, tvísköttunarsamninga o.fl., hvort heldur sem er í lögmennsku, á sviði stjórnsýslunnar, við skattaráðgjöf eða í tengslum við aðra hagsmunagæslu. Vegna útrásar íslenskra fyrirtækja á alþjóðlega markaði og hagstæðs skattaumhverfis fyrir fyrirtæki hér á landi, þ.e. að erlend fyrirtæki sjá sér hag í að færa starfsemi sína hingað til lands, mun á næstu árum verða aukin þörf fyrir lögfræðinga sem kunna góð skil á alþjóðlegum skattarétti.

**Lýsing:** Á námskeiðinu verður m.a. farið yfir samspil landslaga og tvísköttunarsamninga, hlutverk, tilgang og túlkun tvísköttunarsamninga, stjórnskipunarlega stöðu tvísköttunarsamninga á Íslandi, tvísköttunarsamninga sem Ísland hefur gert, leiðir til að koma í veg fyrir tvísköttun (undanþáguaðferðina og frádráttaraðferðina), og takmarkaða skattskyldu á Íslandi. Samningsfyrirmynd OECD (OECD Model Convention) og skýringar við samningsfyrirmyndina (OECD Commentary) verða til ítarlegrar umfjöllunar, m.a. gildi skýringanna við túlkun tvísköttunarsamninga. Farið verður yfir umfang og skilgreiningar, m.a. hugtökin heimilisfesti (residence) og útibú (permanent establishment), atvinnurekstrartekjur, tekjur vegna flutninga á alþjóðaleiðum, tekjur af fasteignum, arð, vexti og þóknanir, söluhagnað, tekjur vegna launaðs starfs, stjórnarlaun, eftirlaun, skattalega meðferð sameignarfélaga, bann við mismunun (non-discrimination), framkvæmd gagnkvæms samkomulags (mutual agreement) og skipti á upplýsingum. Einnig verður fjallað alþjóðlega skattaþyrirhyggju (international tax planning), evrópskan skattarétt og milliverðlagningu (transfer pricing) en farið verður ítarlega yfir evrópskan skattarétt og milliverðlagningu á námskeiðinu alþjóðlegur skattaréttur II sem kennt verður á haustönn 2009.

**Lesefni:** Tvísköttunarfyrirmynd OECD og skýringar við hana, auk sérválinna greina um alþjóðlegan skattarétt.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, umræðurtímar

**Námsmat:** Skriflegt lokapróf gildir 50%. Raunhæf verkefni gilda 50% af loka-einkunn.

**Tungumál:** Íslenska

**L-824-BARR Bandarísk réttarsaga, stjórnskipan, réttarkerfi og lög**

3 ein./6 ECTS

A/E

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn, að hluta til í lotu

**Kennari:** Steinn Jóhannsson, Drew Prisner

**Námsmarkmið:** Stefnt er að því að nemendur:

- þekki og kunni skil á bandarískri réttarsögu
- kunni skil á þeim fordæmismálum sem hafa haft hvað mest áhrif á bandarískt réttarkerfi
- þekki til vinnulags í bandarísku réttarkerfi
- þekki til þeirra stofnana í bandarískri stjórnýslu sem tengjast bandaríska réttarkerfinu.

**Lýsing:** Námskeiðinu er ætlað að vera kynning á bandarísku réttar- og stjórnkerfi. Í námskeiðinu verður fjallað um bandaríska réttarsögu og stjórnskipan og þróun bandaríska réttarkerfisins. Einnig verða einstök dómsmál skoðuð og áhrif þeirra á bandaríska réttarkerfið og bandarískt samfélag. Sérstök áhersla verður lögð á vinnulag í réttarkerfinu.

**Lesefni:** Tilkynnt síðar.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, málstofa, umræður og verkefni

**Námsmat:** Munnlegt lokapróf 50%, verkefni 40% og þátttaka í tímum 10%

**Tungumál:** Íslenska/enska

## **L-740-BELA Business & Economic Law in China** 3 ein./6 ECTS

A/E

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** Fyrirlestrar og umræðutímar

**Kennari:** Teemu Ruskola

**Námsmarkmið:**

The goal of this course is to introduce students to business and economic law in the People's Republic of China. In addition to basic legal knowledge, this course will seek to provide a contextual understanding of the conduct of business and economic law within China's larger social, cultural, and historical traditions.

**Lýsing:** The course will first provide an overview of the Chinese political and legal system and its distinctive features in the post-1978 Reform Era, and then examine certain basic areas of business regulation. The selected topics may include contract law, company law, securities law, ownership reform, foreign investment, intellectual property, and economic crime, among others. The course will also analyze formal and informal modes of dispute resolution.

**Lesefni:** Tilkynnt síðar

**Kennsluaðferðir:** Lectures and discussions

**Námsmat:** Þátttaka í tímum (10%), heimapróf (90%).

**Tungumál:** Enska

## **L- Evrópuréttur á sviði fjármagnsmarkaða**

3 ein./6 ECTS

A/E

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslutímar sem skipt er á tvær vikur

**Kennari:** Hallgrímur Ásgeirsson

**Námsmarkmið:**

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemendur hafi öðlast yfirsýn og skilning á reglum í Evrópurétti um fjármagnsmarkaði og þýðingu þessara reglna í landsrétti.

Námskeiðið er sjálfstætt en nýtist jafnframt sem framhald af námskeiði um Evrópurétt á sviði fjármálaþjónustu. Þessi tvö námskeið munu þannig veita heilstætt yfirlit yfir alla mikilvægustu þætti í fjármálastarfsemi í Evrópu.

**Lýsing:** Á námskeiðinu verður gerð grein fyrir eftirfarandi þáttum:

- Inngangur og kynning á fjármagnsmörkuðum
- Frumréttur
- Fjármálagerningar
- Fjármagnsmarkaðir
- Útboðslýsingar
- Skráning verðbréfa
- Yfirtökur
- Markaðsmisnotkun
- Peningaþvætti
- Evran
- Seðlabanki Evrópu

**Lesefni:** Áhersla verður lögð á þjálfun í skilningi, túlkun og beitingu réttarheimilda í frumrétti (Rómarsamningsins og EES-samningsins), í afleiddum rétti (tilskipana) sem og skýringu dóma á sviði fjármagnsmarkaða.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, umræður og raunhæf verkefni

**Námsmat:** Mæting og þátttaka í tímum 15%, skriflegt hópverkefni (20%) og lokapróf 65%.

**Tungumál:** Íslenska/enska



**L-734-EVII Evrópuréttur IIB: Free movement of persons, services & capital**

3 ein./6 ECTS

A/E

**Ár:** 1. ár/ 2. ár**Önn:** Vorönn 2009**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið**Undanfarar:** Engir**Skipulag:** 30 lessons or discussions in 3 weeks, spread over the semester**Kennari:** Peter Chr. Dyrberg**Námsmarkmið:**

The free movement of goods, persons, services and capital are at the very core of Community and EEA law. The one who is able to reason his/her way through problems within this field will be able to find his/her way through Community and EEA law in other fields. The law in this field is largely judge-made law, and it is therefore adequate to base the mastery of this field of law on the prime material, i.e. the rulings themselves. This should not just allow students to get a comprehensive knowledge of the actual state of law in the field, but also to make them acquainted with the way of reasoning of the Luxembourg courts, which in many aspects may appear different from the paths followed in domestic law. Thus, the aim is two-fold: to enable students to reason validly within Community and EEA law and to provide them with exact knowledge as to the actual state of law in the concrete field of free movement. This implies that they should also develop awareness of the political and historical context within which the rulings are handed down. European Law IIB focuses on the free movement of persons, services and capital. A prior course European Law IIA focuses on the other freedoms.

**Lýsing:** The course is based on lectures, in which rulings of the ECJ and the EFTA Court will be examined. Students are expected to actively participate in the course, for instance in the form of presenting themselves rulings as well arguments for and against the result reached by the Courts. During the course students will make tests in the fields so far covered in the course. The tests will be of two different kinds: a) cases where the student will have to come up with a reasoned position as to how to resolve a concrete case. Resolving such a case should not take more than three-four hours, and the aim is to see the student's ability to analyse a concrete set of facts and reason his/her way forward to a solution. b) lists of short questions to which students will have to give an answer amongst various options. Giving these answers should not take more than an hour and the purpose of these tests is to see whether the student has present the knowledge of the fields so far covered.

**Lesefni:** Tilkynt síðar**Kennsluaðferðir:** Students who have not followed European Law IIA will find it difficult to follow this course.

**Námsmat:** Combined exam, consisting of written exam of three-four hours and of a subsequent oral exam.

**Tungumál:** Enska

## **L-832-EVR4 Evrópuréttur IV: The State and Competition**

3 ein./6 ECTS

A/E

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 lessons or discussions during 3 weeks, spread over the semester

**Kennari:** Peter Chr. Dyrberg

**Námsmarkmið:**

The aim of the course is to provide students with comprehensive knowledge of the field of law which includes in particular the State aid rules. Knowledge of State aid rules is relevant both to public authorities who may consider granting aid, as well as to private undertakings who may be faced with orders to pay back aid granted in violation of the rules or see competitors favoured through aid. The course shall enable students to resolve practical cases within the field. The course will not just cover the substantive law, but also the procedural and institutional setup for applying the rules, as well as the possibilities for private undertakings to challenge the decisions of the Brussels authorities in the field.

**Lýsing:** The course is based on lectures. There will also be possibility for discussions. During the course, students will have the opportunity, but not the obligation, to make tests in the fields so far covered in the course. The tests will be of two different kinds: a) practical cases where the students will have to come up with a reasoned position as to how to resolve the case. Students must expect that resolving such a case will take the same time as the written exam. b) lists of short questions to which students will have to give an answer amongst various options. These tests should not take more than an hour and the purpose is to see whether students have present the knowledge of the fields so far covered. Students are strongly encouraged to make those tests, although making them is not a condition for presenting oneself for the exam.

**Lesefni:** Tilkynt síðar

**Kennsluáferðir:** European Law or equivalent knowledge. It will be an advantage but not a condition that students have made European Law IIA and B and/or European Law III

**Námsmat:** Written exam of a duration of three to four hours, followed later by an oral exam

**Tungumál:** Enska

**L-707-GASO Gagnaöflun og málfutningur í einkamálum**

3 ein./6 ECTS

- Sjá lýsingu undir haustönn 2008

**L-825-HARE Hagnýt réttarheimspeki**

3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár**Önn:** Vorönn 2009**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið**Undanfarar:** Engir**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn**Kennari:** NN**Námsmarkmið:**

Hagnýt réttarheimspeki er heiti námskeiðs sem leiðir saman réttarheimspeki, almenna lögfræði og grundvallaratriði í lagahugsun og aðferðafræði. Námskeiðið á sér ýmsar erlendar fyrirmyndir en er miðað við íslenskar aðstæður og laganema á framhaldsstigi enda ætlast til mikillar þátttöku þeirra. Nemendur vinna eitt stórt verkefni sem er ætlað að hafa hagnýtt gildi og taka lokapróf. Markmið námskeiðsins er að nemendur kynnist gagnsemi aðferða réttarheimspekinnar og öðlist færni til beita þeim til lausnar á lögfræðilegum viðfangsefnum. Nemendur þurfa að sýna hæfni til rökfærslu og greiningar í umræðu í kennslustundum. Það er algjört skilyrði árangurs að nemendur mæti lesnir. Við námskeiðslok þurfa nemendur að sýna fram á þekkingu á grundvallargildum s.s. frelsi, réttlæti, réttarríki. Þeir þurfa að geta beitt aðferðum eins og hugtakagreiningu, flokkun reglna, rökleiðslu ofl. og sýna hæfni til að greina af öryggi heimspekilegur forsendur, tilgang og gagnsemi hvers konar réttarreglna.

**Lýsing:** Námskeiðinu er ætlað að dýpka þekkingu nemenda á meginhugtökum, forsendum og aðferðum lögfræðinnar. Nemendur læra að þekkja þau vandamál og viðfangsefni sem réttarheimspekin fæst við. Sjónum verður sérstaklega beint að því hvernig beita megi lausnum hennar á mismunandi sviðum lögfræði og á margvísleg raunhæf úrlausnarefni lögfræðinga. Námskeiðið er að nokkru leyti sögulegt yfirlit hugmyndasögu lögfræðinnar og nemendur munu lesa kafla úr grundvallarritum á þessu sviði. Þá verður sérstaklega fjallað um tengsl lögfræðinnar við aðrar fræðigreinar, s.s. hagfræði og siðfræði og hvernig lögfræðingar búi sig best undir ýmiss konar þverfaglegt starf í atvinnulífi nútímans.

**Lesefni:** Tilkynt síðar**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og umræður**Námsmat:** Framlag í tímum 20%, ritgerð 40% og heimapróf 40%.**Tungumál:** Íslenska

A

Ár: 1. ár/ 2. ár

Önn: Vorönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennarar:** Aðalsteinn Leifsson, Guðrún Björg Birgisdóttir

**Námsmarkmið:**

Nemendur fá yfirsýn yfir samningsferil við gerð alþjóðlegra viðskiptasamninga milli fyrirtækja og helstu lögfræðileg viðfangsefni og vandamál sem á getur reynt við slíka samningsgerð. Ennfremur er fjallað um samningatækni í alþjóðlegu samhengi. Á námskeiðinu verður unnið með viðskiptasamninga á ensku.

**Lýsing:** Málstofan skiptist í fjóra þrjá meginþætti en andlag hennar eru samningatækni, alþjóðlegir viðskiptasamningar og önnur skjalagerð tengd þeim, einkum kaupsamningar um hlutafé (Share Purchase Agreements), dreifingarsamningar (Distribution Agreements), umboðssamningar (Agency Agreements), sérleyfissamningar (Franchise Agreements) og Fjármögnunarsamningar (Term sheets).

Í fyrsta hluta málstofunnar er fjallað um grundvallarþætti samningatækni, togstreituna á milli þess að gæta verðmæta “distributive bargaining” og skapa verðmæti “integrative bargaining” og farið í hagnýtar æfingar til að þjálfva undirbúning fyrir samningaviðræður, umræður, tillögugerð og lok samninga. Sérstaklega er fjallað um samninga í alþjóðlegu umhverfi, uppbyggingu trausts, hugmyndir um vald og áhrif samningsstíls. Í öðrum hluta námskeiðsins verður fjallað um samningsferil frá upphafi til þess tímamarks að samningsgerð er lokið og samningurinn fer að hafa réttaráhrif. Í þessum þætti verður m.a. um uppbyggingu alþjóðlegra viðskiptasamninga og sjálfa samningagerðina, þ.e. ritun samningsins og annað sem því tengist. Í þriðja hluta málstofunnar verða einstakar samningstegundir teknar til rækilegrar athugunar. Mismunandi verður hvaða samningar koma til skoðunar hverju sinni en lögð áhersla á að viðfangsefnin séu raunhæf og nemendur hafi í lok málstofunnar góð tök á þeim samningstegundum og viðfangsefnum sem fjallað hefur verið um. Í fjórða og síðasta hluta málstofunnar verður fjallað sérstaklega um lagaval, varnarþing og alþjóðlega gerðardóma.

**Lesefni:** Tilkynt síðar

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, umræðutímar og hagnýtar æfingar.

**Námsmat:** Verkefni 70%, munnlegt lokapróf 30%

**Tungumál:** Íslenska

**L-717-TECH Hugverkaréttarsamningar**

3 ein./6 ECTS

A/E

**Ár:** 1. ár/ 2. ár**Önn:** Vorönn 2009**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið**Undanfarar:** Engir**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn**Kennarar:** Jón Vilberg Guðjónsson, Rán Tryggvadóttir**Námsmarkmið:**

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist yfirsýn yfir þær reglur sem gilda um framsals-, afnota- og leyfissamninga vegna hagnýtingar hugverka (uppfinninga, vörumerkja og annarra auðkenna, verka sem njóta höfundaverndar o.s.frv.), samningsgerð og snertifleti slíkra samninga við samkeppnisrétt o.fl.

**Lýsing:** Þróun innan tölvu-, fjarskipta- og upplýsingatækni og líftækni ásamt alþjóðavæðingu efnahagslífsins einkennir samfélag nútímans. Hugverkarétturinn er í þungamiðju þessarar þróunar. Allur skemmtanaíðnaðurinn og menningarframleiðsla hvers konar grundvallast á hugverkaréttinum. Viðskipti með hugverkaréttindi í formi samninga um hagnýtingu upplýsinga- og líftækni eru meginviðfangsefni þess sem hefur verið nefnt “nýja hagkerfið”.

Fjallað verður grunnatriði samningaréttar og kröfuréttar með tilliti til tækniþróunar. Þá verður fjallað um hugverkaréttarsamninga sérstaklega, um framsal réttinda, framsal hluta og álitaeftni um túlkun slíkra samninga.

**Lesefni:** Tilkynt síðar.**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og umræðutímar

**Námsmat:** 50% verkefni og 50% lokapróf. Verkefnaþátturinn skiptist í 10% raunhæf verkefni sem verða unnin í hópvinnu í tímum og 40% einstaklingsritgerð. Einstaklingsritgerðin skal vera um 3000 orð (8-12 bls.). Lokapróf verður munnlegt.

**Tungumál:** Íslenska/enska**L- Íslensk stjórnmál**

3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár**Önn:** Vor 2009**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið, þverfaglegt námskeið**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið**Undanfarar:** Engir**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn**Kennari:** Guðni Th. Jóhannesson

Námskeiðið telst ekki til lögfræðieininga ef nemandi hyggst ljúka fullnaðarprófi í lögfræði.

### Námsmarkmið:

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemendur:

- kunni skil á helstu atburðum í stjórnmalasögu Íslands frá lýðveldisstofnun til okkar daga, einkum eftirtöldum þáttum:
- flokkaskipan og breytingum á henni
- ríkisstjórnnum
- hagþróun
- búsetuþróun
- fjölmiðlaþróun

**Lýsing:** Nemar í framhaldsnámi í lögfræði og viðskiptafræði þurfa nauðsynlega að kunna skil á helstu þáttum í stjórnmalasögu Íslands síðustu áratugi. Staða mála í sam-tímanum verður ekki skilin til hlítar nema menn hafi grunnþekkingu á hinni sögulegu þróun. Í námskeiðinu verður farið yfir helstu þætti í stjórnmalasögu landsins. Lögð verður áhersla annars vegar á virka þátttöku nemenda og hins vegar á aðkomu gesta-fyrirlsara úr stjórn mála- og atvinnulífi.

**Lesefni:** Bækur og greinar sem kennari kynnir síðar

**Kennsluáferðir:** Sameinaðir fyrirlestrar og umræðutímar (kennari með gestafyr-irlesara oftast eða alltaf)

**Námsmat:** Ritgerðir, skyndipróf og lokapróf.

**Tungumál:** Íslenska

## L-821-ALTR Málstofa í almannatryggingarétti

3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennarar:** Guðmundur Sigurðsson, Ragnhildur Helgadóttir, gestakennarar

### Námsmarkmið:

Hinn íslenski bótaréttur snertir hagsmuni stórs hluta þjóðarinnar með mjög áþreif-anlegum hætti. Íslendingar slasast eða verða fyrir öðrum áföllum sem áhrif geta haft á vinnugetu þeirra eða fjárhagslega stöðu. Íslendingar verða einnig gamlir og þurfa að hætta að vinna. Hver er réttarstaða þeirra sem svo er ástatt um? Eiga þeir rétt á að fá tjón sitt bætt eða greiðslu vegna áfalls eða öldrunar og ef svo er frá hverjum og í hvaða mæli? Hvernig spila hugmyndir um stjórnarskrárvarin réttindi manna og réttaröryggi við bótaréttinn?

**Lýsing:** Í námskeiðinu verður farið almennt yfir almannatryggingakerfið. Farið verður yfir lagagrundvöll almannatryggingakerfisins, bótarétt og tengsl hans við önnur bótaúr-ræði og stjórnsýslu almannatrygginga. Miðað er við að í námskeiðinu fái nemendur yfirsýn yfir almannatryggingakerfið, stjórnsýsluna í tengslum við almannatryggingar,

þær réttarheimildir aðrar en lögin sem á getur reynt í tengslum við almannatryggingar og tengsl við önnur bótakerfi. Almannatryggingakerfið er stærsti einstaki gjaldaliður íslenska ríkisins svo hér er um mikilvægt svið að ræða og tengist það rannsóknum við deildina.

**Lesefni:** Almannatryggingar og félagsleg aðstoð e. Guðmund Sigurðsson og Ragnhildi Helgadóttur.

Socialret - Almindelige principper e. Kirsten Ketscher.

**Kennsluáðferðir:** Kennsla fer m.a. fram í fyrirlestra- og umræðuformi. Gengið er út frá því að nemendur taki virkan þátt í kennslustundum, m.a. með því að leysa úr raunhæfum verkefnum, fjalla um dóma eða eftir atvikum úrlausnir úrskurðarnefndar almannatryggingamála og fást við önnur fræðileg úrlausnarefni o.s.frv.

**Námsmat:** Námsmat skiptist í þrennt: tvö einstaklingsverkefni og eitt hópverkefni. Fyrra einstaklingsverkefnið, verkefni I, gildir 20%. Ef nemandi er veikur er fyrra verkefnið verður lagt fyrir stendur honum aðeins til boða að ljúka þeim þætti námskeiðsins með munnlegu prófi. Prófsfni yrði þá tilkynnt sérstaklega. Seinna einstaklingsverkefnið, verkefni II, gildir 50%. Nemar velja / ákveða efni í fyrstu kennsluviku. Í 5. kennsluviku er gert ráð fyrir að namar kynni kennurum stöðu verkefnisins og helstu niðurstöður. Í 7. eða 8. kennsluviku munu nemendur kynna verkefni sín. Gert er ráð fyrir 15 mínútna kynningu á hvert verkefni. Einkunn nemenda fyrir verkefni II tekur mið af eftirfarandi: Kynningu fyrir kennurum í 5. viku, kynningu fyrir nema og þátttöku í kynningardeginum og skriflegri úrlausn. Verkefni III er hópverkefni og gildir 30%. Að loknum skilum verður hver nemandi fyrir sig prófaður munnlega úr efni því sem reyndi á við úrlausn verkefnisins. Ef nemandi er veikur er hópverkefnið er lagt fyrir gilda sambærilegur reglur og greint var frá varðandi verkefni I. Prófsfni yrði þá tilkynnt sérstaklega. Þá verður frammistaða nemenda í tímum metin sérstaklega við lokaekunn og getur góð frammistaða leitt til hækkunar á lokaekunn. Nemendur sem ekki ná lágmarkseinkunn 6 í námskeiðinu í heild, eiga þess aðeins kost að fara í munnlegt endurtektaþróf sem gildir 100%. Sama gildir um þá nemendur sem ekki ljúka síðasta raunhæfa verkefninu.

**Tungumál:** Íslenska

## **L-733-MSES Málstofa um evrópskan samningarétt** 1 ein./2 ECTS

A/E

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 10 tímar kennt samfellt í eina viku

**Kennari:** Matthías Geir Pálsson

### **Námsmarkmið:**

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur fræðist um hugtakið evrópskan samningarétt, þær hugmyndir sem að baki honum liggja og rannsóknar- og fræðiverkefni sem unnið er að á þessu sviði. Stefnt er að því að þátttakendur kynnist upphafi og þróun þessa réttarsviðs, stöðu þess í dag, athugi stöðu íslensks/norræns samningaréttar innan þessa, læri um afstöðu Evrópusambandsins um þetta efni og spái í framtíðarþróun um þetta efni, m.a. hvaða áhrif tilkoma evrópsks samningaréttar hefði á Íslandi

**Lýsing:** Síðustu tuttugu árin hafa verið í gangi rannsóknar- og fræðiverkefni sem miða að samræmingu samningaréttarins í Evrópu. Ástæðan er einföld: tilvist 27 ólíkra landslaga og reglna um samningarétt innan Evrópusambandsins fylgja vandamál, fyrirhöfn og kostnaður sem getur virkað hindrandi á verslun og vöruflæði innan ESB/EES. Samevrópskar samningaréttarreglur gætu einfaldað og þar með aukið viðskipti innan Evrópusambandsins. Fjöldi fræðiverkefna er í gangi á þessu sviði, en byggjast á ólíkum nálgunum og hafa ólík markmið. M.a. hefur verið lokið við sett af samningaréttarreglum, s.k. Meginreglur evrópsks samningaréttar, sem ætlað er að mynda grunnurinn í samevrópskan samningaréttarlagabálk sem hugsanlega yrði lögfestur í Evrópu og gæti leyst af hólmi landsbundinn samningarétt. Evrópusambandið hefur á síðustu 6-7 árum sýnt þessari þróun vaxandi áhuga og á þess vegum eru nú í gangi nokkur verkefni á þessu sviði. Tilvist sameiginlegs evrópsks samningaréttar gæti haft stórfelld áhrif á ESB/EES svæðinu og því þurfa íslenskir lögfræðingar að fylgjast vandlega með þróun, stöðu og framtíð þessa sviðs. Námskeiðinu er ætlað að mæta þeirri þörf.

**Lesefni:** „Evrópskur samningaréttur - þróun, staða og framtíð“ eftir Matthías G. Pálsson. Tímarit Lögréttu, 2. tbl. 2006, bls. 29-57.

„Samningalögin sjötug - standast þau tímans tönn?“ eftir Matthías G. Pálsson. Tímarit lögfræðinga, 2007; 57 (1): bls. 83-94.

Annað valið efni samkvæmt ábendingum kennara.

**Kennsluáferðir:** Kennsla verður í formi fyrirlestra kennara, stuttra verkefna 1-2 nemenda um valin áhersluatriði úr efninu og kynninga á þeim, auk umræðna

**Námsmat:** Nemendur velja sér eitt af eftirfarandi verkefnum (eða önnur sambærileg verkefni í samráði við kennara) og skrifa örritgerð um það (3-4 síður), en kennari mun dreifa lista með ábendingum um lesefni fyrir hvert verkefni um sig. Örritgerðunum er síðan dreift til þátttakenda í námskeiðinu, viðkomandi nemendur kynna það í 10-15 mínútur og í kjölfarið fylgja hópumræður um það. Skyldumæting er í alla tíma námskeiðsins.

**Tungumál:** Íslenska

## **L-829-STAR Málstofa: Auðlindir og stjórnsýsla - Frá hugmynd til framkvæmdar**

3 ein./6 ECTS

Ár: 1. ár/ 2. ár

Önn: Vorönn 2009



**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Umsjón:** Margrét Vala Kristjánsdóttir

**Kennari:** Elfn Smáradóttir

**Námsmarkmið:**

Markmið málstofunnar er að nemendur kynnist því ferli, stjórnvaldsákvörðunum, og öðrum afskiptum stjórnvalda af framkvæmdum til auðlindanýtingar. Námskeiðið tengir þannig stjórnsýslu- og auðlindarétt.

**Lýsing:** Áður en framkvæmdaraðili getur hafið framkvæmdir til auðlindanýtingar þarf hann afla ýmissa leyfa, umsagna og annars konar samþykkis stjórnvalda. Mat á umhverfisáhrifum þarf að fara fram, huga þarf að skipulagsmálum og veita þarf framkvæmda leyfi, svo dæmi séu tekin. Til að fá yfirsýn yfir reglur þar að lútandi verður tiltekinni framkvæmd fylgt í gegnum stjórnsýslukerfið, allt frá hugmynd um framkvæmd og matsáætlun til síðustu leyfisveitingar.

**Lesefni:** Tilkynnt síðar

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og umræður

**Námsmat:** Verkefni og þátttaka í tímum

**Tungumál:** Íslenska

## **L-830-SKUL Skuldaskilaréttur**

3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennari:** Steinunn Hólm Guðbjartsdóttir, Valgerður Dís Valdimarsdóttir

**Námsmarkmið:**

Að skapa nemendum sérþekkingu á greiðslustöðvunum, gerð nauðasamninga og skiptastjórn þrotabúa og dánarbúa og verkefnum sem tengjast slíkum skiptum.

**Lýsing:** Fjallað verður um skuldaskilaréttinn almennt, þ.e. greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrotaskipti. Rætt verður meðal annars um skilyrði og tilgang greiðslustöðvunar. Þá verður farið yfir meðferð greiðslustöðvunarbeiðni fyrir dómi og um réttaráhrif og lok greiðslustöðvunar. Farið verður yfir helstu reglur um nauðasamningsumleitun svo og framkvæmd og staðfestingu nauðasamnings. Einnig um réttaráhrif nauðasamninga. Þá verður fjallað um gjaldþrotaskipti, um aðdraganda þeirra og skilyrði þess að kröfuhafar og skuldari sjálfur geti krafist gjaldþrotaskipta. Þá verður fjallað um gjaldþrotáúrskurði og réttaráhrif þeirra. Farið verður yfir reglur um skipun skiptastjóra, hæfiskröfur sem til hans eru gerðar og störf hans almennt. Fjallað verður

um skiptastjórn, þ.m.t. innköllun krafna, lýsingu þeirra og réttthæð, gerð kröfuskrár, skiptafundi, skýrslutökur af skuldara, rekstur ágreiningsmála vegna gjaldþrotaskipta og um lok gjaldþrotaskipta. Jafnframt verður farið rækilega yfir endurheimt verðmæta við gjaldþrotaskipti, þ.m.t. riftunarreglur og rekstur riftunarmála. Loks verður fjallað um skiptastjórn við opinber skipti á dánarbúum og til slita á félögum og verkefni sem tengjast slíkum skiptum. Skoðuð verða raunhæf dæmi um framkvæmd greiðslustöðvunar, gerð nauðasamninga og skiptastjórn við gjaldþrotaskipti.

**Lesefni:** Lög um skipti dánarbúa o.fl. nr. 20/1991 með greinargerð

Endurheimt verðmæta við gjaldþrot

Lög um gjaldþrotaskipti o.fl. ásamt greinargerð

Handbók um gjaldþrotaskipti o.fl.

Dansk insolvensret

**Kennsluáferðir:** Kennslan fer fram með fyrirlestrum og verkefnavinnu. Mikil áhersla verður lögð á að nemendur vinni að verklegum æfingum á sviði skiptastjórnar.

**Námsmat:** Verkefni 30%, munnlegt lokapróf 70%.

**Tungumál:** Íslenska

## L-831-VATR Vátryggingaréttur

3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennari:** Þóra Hallgrímsdóttir

**Námsmarkmið:**

Í bótarétti er vátryggingaréttur nokkuð fyrirferðamikill og nánast allir einstaklingar og lögpersónur standa á einhverjum tíma frammi fyrir vátryggingarréttarlegum spurningum og álitaeftum. Af þessu leiðir að lögfræðingar, hvort heldur sem þeir starfa á sviði einkaréttar eða opinbers réttar, þurfa oft á því að halda að kunna skil á vátryggingarrétti. Meginmarkmið með valfagi í vátryggingarrétti er að gera nemendur hæfari til að skilja undirstöður vátryggingamarkaðar og skilgreina og leysa vátryggingarréttarleg álitaeftni.

**Lýsing:** Námskeiðið byggist á því að gera grein fyrir stöðu og sögu vátryggingarréttarins í bótaréttinum, m.a. tengsl hans við skaðabótarétt. Það er gert með því að fjalla um eftirfarandi efni:

- Lög um vátryggingastarfsemi og miðlun vátrygginga og aðrar reglur sem varða rekstur vátryggingafélags.
- Ítarlega verður fjallað um lög um vátryggingasamninga nr. 30/2004 og viðeigandi reglur. Fyrirmynd íslenskra vátryggingasamningalaga er norsk og mun umfjöllun taka mið af norskum rétti og réttarframkvæmd.

- Teknar verða fyrir einstaka tegundir váttrygginga og sérstök álitæfni tengd þeim svo sem ábyrgðartryggingar og starfsábyrgðartyggingar og tengsl við skaðabótarétt, ökutækjatyggingar, fjölskyldutyggingar og eignatryggingar þ.á.m., sjó-, skipa- og farmtryggingar. Þessi umfjöllun verður sérstaklega miðuð við raunhæf dæmi og dómaumfjöllun.

**Leseferi:** Athugasemdir við frumvarp til laga nr. 30/2004 en að öðru leyti tilkynnt síðar.

**Kennsluáðferðir:** Kennsla fer fyrst og fremst fram í fyrirlestra- og umræðuformi. Gengið er út frá því að nemendur taki virkan þátt í kennslustundum, m.a. með því að leysa úr raunhæfum verkefnum, fjalla um dóma eða úrskurði úrskurðarnefnda og fást við önnur fræðileg úrlausnarefni.

**Námsmat:** Einstaklingsverkefni 25% Hópverkefni 25%. Munnlegt lokapróf gildir 50%. Þá verður frammistaða nemenda í tímum metin sérstaklega við lokaeinkunn. Góð frammistaða í tímum getur leitt til hækkunar á lokaeinkunn.

**Tungumál:** Íslenska

## **L-732-WICA Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot (II)**

3 ein./6 ECTS

A

**Ár:** 1. ár/2. ár

**Önn:** Vorönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot (I)

**Skipulag:** Sjá námskeiðslýsingu

**Kennari:** Þórður S. Gunnarsson

**Námsmarkmið:**

Nemendur eiga í lok námskeiðsins að kunna góð skil á UN Convention on Contracts for the International Sale of Goods (CISG) og þeim réttarreglum öðrum og lögfræðilegu sjónarmiðum er við eiga í alþjóðlegum lausafjárkaupum. Þá eiga nemendur að hafa öðlast verulega reynslu og þjálfun í gerð sóknar- og varnarskjala og málflutningi fyrir alþjóðlegum gerðardómi.

**Lýsing:** Námskeiðinu er skipt í tvo hluta (I) og (II). Vinna við námskeiðið hefst í byrjun september og lýkur með þátttöku í málflutningskeppni sem fram fer í Vínarborg í Austurríki í mars eða apríl. Í fyrri hluta námskeiðsins (I), sem metinn er til 3 eininga (6 ECTS), þurfa nemendur að semja stefnu (Memorandum for claimant) byggða á málsatvikalýsingu sem að jafnaði er birt í fyrstu viku október. Öll skjalagerð í námskeiðinu er á ensku. Álitæfnið lýtur að ágreiningi um alþjóðaviðskipti með lausafé (International Sale of Goods) á grundvelli UN Convention on Contracts for the International Sale of Goods (CISG). Stefnunni þarf að skila í byrjun desember. Áður en vinna við stefnugerðina hefst og meðan á henna stendur þurfa nemendur að kynna sér

ítarlega CISG samninginn með lestri fræðirita og greina og könnun á dómum. Í síðari hluta námskeiðisins (II) sem fram fer á vorönn og metinn er til 3 eininga (6 ECTS) þurfa þátttakendur að semja og skila vörn. Í framhaldi af henni fer fram undirbúningur vegna málflyttings fyrir gerðardómi og loks þátttaka í sjálfri keppninni í Vínarborg. Reglur keppinnar mæla svo fyrir að þátttakendur í námskeiðinu/keppninni skuli vinna sjálfir og án verulegrar aðstoðar frá öðrum en sammendum að samningu stefnu og varnar og undirbúningi málflyttings. Lagadeildin leggur þátttakendum til vinnuáðstöðu vegna alls undirbúnings. Þá mun deildin jafnframt, eftir því sem reglur keppinnar heimila, leggja þátttakendum til leiðsögn t.d. vegna málflyttingsþáttarins. Gert er ráð fyrir að þátttakendur þurfi ekki að greiða ferða- og gistikostnað vegna ferðarinnar til Vínarborgar meðan á keppninni stendur. Hámarksfjöldi þátttakenda í námskeiðinu er átta en lágmarksfjöldi fjórir. Sækja þarf sérsaklega um þátttöku í námskeiðinu, sbr. nánari upplýsingar á heimasíðu námskeiðisins. Lögð er veruleg áhersla á að þátttakendur í námskeiðinu búi yfir bódri ensku kunnáttu bæði skriflegri og munnlegri enda er öll skjalagerð og málflytningur á ensku. Nánari upplýsingar um keppnina er að finna á eftirfarandi slóð: <http://www.cisg.law.pace.edu.vis> og eru þeir sem áhuga hafa á þátttöku hvattir til að kynna sé þessar upplýsingar rækilega m.a. reglur keppinnar (rules) auk neðangreindra almennra upplýsinga.

Goal of the Vis Arbitral Moot: The goal of the Vis Arbitral Moot is to foster the study of international commercial law and arbitration for resolution of international business disputes through its application to a concrete problem of a client and to train law leaders of tomorrow in methods of alternative dispute resolution. Structure of the Moot: The business community's marked preference for resolving international commercial disputes by arbitration is the reason this method of dispute resolution was selected as the clinical tool to train law students through two crucial phases: the writing of memorandums for claimant and respondent and the hearing of oral argument based upon the memorandums -- both settled by arbitral experts in the issues considered. The forensic and written exercises require determining questions of contract -- flowing from a transaction relating to the sale or purchase of goods under the United Nations Convention on Contracts for the International Sale of Goods and other uniform international commercial law -- in the context of an arbitration of a dispute under specified Arbitration Rules. In the pairings of teams for each general round of the forensic and written exercises, every effort is made to have civil law schools argue against common law schools -- so each may learn from approaches taken by persons trained in another legal culture. Similarly, the teams of arbitrators judging each round are from both common law and civil law backgrounds. Sponsors of the Moot: The Vis Arbitral Moot is sponsored by the American Arbitration Association, the International Arbitral Centre of the Austrian Federal Economic Chamber, the Chartered Institute of Arbitrators, Chicago International Dispute Resolution Association, Court of International Commercial Arbitration, Romania, German Institution of Arbitration (DIS), the International Chamber of Commerce, the London Court of International Arbitration, the Moot Alumni Association, the Singapore International Arbitration Centre, Swiss Arbitration Association (ASA) og Swiss Chambers' Arbitration.

**Lesefni:** Understanding the CISG in Scandinavia. Joseph Lookofsky. Arbitration Interactive. Klaus Berger.

Ýmis önnur rit, dómar og fræðigreinar m.a. í rafrænum gagnagrunnum.

**Kennsluaðferðir:** Sjá um kennsluaðferðir í lýsingu námskeiðsins.

**Námsmat:** Námsmat byggir á frammistöðu í skriflegri skjalagerð og málfutningi. Ekki er gefin töluleg einkunn í námskeiðinu heldur “staðið” eða “fall”.

**Tungumál:** Íslenska/enska

## Haustönn 2009

### L-700-ADFE Aðferðafræði

0 ein./0 ECTS

- Sjá lýsingu undir haustönn 2008

### L-Afbrotafræði I

3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/2. ár

**Önn:** Haustönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn.

**Kennari:** Svala Ólafsdóttir

**Námsmarkmið:**

Að veita nemendum innsýn í helstu kenningar á sviði afbrotafræði og sérkenni einstakra brotategunda frá afbrotafræðilegu sjónarmiði.

**Lýsing:** Um er að ræða inngangsnámskeið í afbrotafræði. Í fyrri hluta námskeiðsins er fjallað um almennar félagslegar og sálfræðilegar kenningar um orsakir afbrota og afbrotahneigðar. Í síðari hluta þess er athyglinni beint að einstökum brotategundum í íslensku samhengi, tíðni þeirra og eðli, gerendum og þolendum. Meðal þeirra eru kynferðisbrot gegn börnum, ofbeldi gegn börnum, sem og afbrot barna sérstaklega. Í tengslum við það er fjallað sérstaklega um meðferð ósakhæfra afbrotamanna.

**Lesefni:** Tilkynnt síðar

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og umræður

**Námsmat:** Þátttaka, verkefni og heimapróf

**Tungumál:** Íslenska

A

**Ár:** 1. ár/ 2. Ár

**Önn:** Haustönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennari:** Þórður S. Gunnarsson

**Námsmarkmið:**

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemendur:

- kunni skil á þeim reglum og lögfræðilegu sjónarmiðum er helst reynir á við gerð og skýringu alþjóðlegra samninga um lausafjárkaup (international sale of goods).
- hafi öðlast færni í að skilgreina og leysa lögfræðileg viðfangsefni á sviði alþjóðlegra lausafjárkaupa.

**Lýsing:** Námskeiðið er einkum ætlað nemendum sem áhuga hafa á alþjóðlegum viðskiptasamningum (international commercial contracts). Viðfangsefni námskeiðsins verða fyrst og fremst á sviði alþjóðlegra lausafjárkaupa (international sale of goods). Á námskeiðinu verður farið ítarlega yfir United Nations Convention on Contracts for the International Sale of Goods (CISG) en segja má að þessi samningur hafi haft meiri áhrif á alþjóðaviðskipti með lausafé en nokkur annar alþjóðasamningur á því sviði. Gildissvið samningsins verður kannað og efnisreglur, m.a. reglur um stofnun samninga, skyldur samningssaðila, vanefndir og vanefndaúrræði. Á námskeiðinu verður fjallað um þróun og vaxandi þýðingu Lex Mercatoria og áhrif UNIDROIT Principles of International Commercial Contracts og Principles of European Contract Law á alþjóðaviðskipti með lausafé. Fjallað verður um INCOTERMS og helstu greiðsluáferðir/form m.a. LETTER OF CREDIT. Á námskeiðinu verður með raunhæfum dæmum reynt að tengja réttarheimildir og fræðileg sjónarmið við raunhæf viðfangsefni á sviði alþjóðlegra lausafjárkaupa. Ferill slíkra viðskipta verður skoðaður og fjölmargir dómar sem gengið hafa um alþjóðaviðskipti á þessu sviði skilgreindir og reifaðir.

**Lesefni:** Understanding the CISG in Scandinavia: A Compact Guide to the 1980 United Nations Convention on Contracts for the International Sale of Goods. Joseph Lookofsky.

Dómar og annað lesefni sem vísað verður til í rafrænum gagnasöfnum.

**Kennsluáferðir:** Kennsla verður í formi fyrirlestra og umræðutíma. Mikil áhersla verður lögð á rannsóknarvinnu nemenda. Í umræðutímum verða einstök rannsóknarverkefni tekin til umfjöllunar. Gert er ráð fyrir virkri þátttöku nemenda í kennslu m.a. með reifun dóma, stjórn umræðna og beinni þátttöku í fyrirlestrum.

**Námsmat:** Verkefni 75%, skriflegt lokapróf 25%

**Tungumál:** Íslenska

**L-827-MAES Alþjóðlegur skattaréttur II**

3 ein./6 ECTS

A

**Ár:** 1. ár/2. ár**Önn:** Haustönn 2009**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið**Undanfarar:** Engir**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn**Kennarar:** Gunnar Gunnarsson, Jón Elvar Guðmundsson**Námsmarkmið:**

Markmið með námskeiðinu er að kynna fyrir nemendum evrópskan skattarétt, milli-verðlagningu, leiðir sem ríki fara til að koma í veg fyrir misnotkun tvísköttunarsamninga, alþjóðlegan skatta rétt í US, tolla í alþjóðlegum viðskiptum og virðisaukaskatt innan Evrópusambandsins. Vegna útrásar íslenskra fyrirtækja á alþjóðlega markaði og hagstæðs skattaumhverfis fyrir fyrirtæki hér á landi, þ.e. að erlend fyrirtæki sjá sér hag í að færa starfsemi sína hingað til lands, mun á næstu árum verða aukin þörf fyrir lögræðinga sem kunna góð skil á alþjóðlegum skattarétti.

**Lýsing:** Námskeiðið er sjálfstætt framhald alþjóðlegs skattaréttar I sem kenndur er á vorönn 2009. Farið verður m.a. evrópskan skattarétt, m.a. réttarheimildir innan Evrópusambandsins um skattamál, skattatilskipanir sem samþykktar hafa verið til samræmingar í skattlagningu innan sambandsins, valda dóma dómstóls Evrópusambandsins (European Court of Justice) og farið yfir áhrif sem aðild okkar að EES-samningnum getur haft á skattlagningarreglur hér á landi. Einnig verður fjallað um milli-verðlagningu (transfer pricing), leiðir sem farnar eru til að koma í veg fyrir misnotkun tvísköttunarsamninga (Thin Capitalization Rules og Controlled Foreign Corporation CFC Rules), alþjóðlegan skattarétt í US, tolla í alþjóðlegum viðskiptum og virðisaukaskatt innan Evrópusambandsins. Ekki er skilyrði að nemendur hafi valið alþjóðlegan skattarétt I til að taka þátt í námskeiðinu.

**Lesefni:** Valdir kaflar úr “European Tax Law” eftir Ben Terra og Peter Wattel, auk ýmissa sérvalinna greina um evrópskan og alþjóðlegan skattarétt.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og umræður**Námsmat:** Munnlegt lokapróf gildir 60% og tvö raunhæf verkefni gilda 40% af loka-einkunn.**Tungumál:** Íslenska**L-810-PATL Einkaleyfaréttur**

3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár**Önn:** Haustönn 2009**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennari:** Jón Vilberg Guðjónsson

**Námsmarkmið:**

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist yfirsýn um þær reglur sem gilda um umsóknir og endurnýjun einkaleyfa, þ.m.t. alþjóðleg vernd einkaleyfa, hverjar séu takmarkanir á einkarétti einkaleyfishafa, framsalsreglur einkaleyfa og réttarvernd þeirra.

**Lýsing:** Mikilvægi einkaleyfakerfisins fyrir viðskiptalíf er óumdeilt og er oft mikilvægur þáttur í fjármögnun viðskiptahugmynda og vöruþróunar hjá fyrirtækjum af öllum stærðargráðum. Því með einkaleyfinu geta fyrirtæki sem leggja fjármuni í rannsókn og þróun, t.d. á sviði líftækni, lækninga og lyfjaþróunar, átt von á ríkulegu endurgjaldi fyrir hagnýtingu uppfinningarinnar. Námið byggist einkum á umfjöllun um íslenska einkaleyfalöggjöf, sem á sér rætur í norrænni og alþjóðlegri lagasamvinnu, einkum með þátttöku Íslands evrópska einkaleyfasáttmálanum (EPC) sem Ísland gerðist aðili að 2004. Jafnframt verður samanburður á íslenskum rétti við evrópskan og bandarískan einkaleyfarétt.

**Lesefni:** Tilkynnt síðar

**Kennsluaðferðir:** Námið byggist á fyrirlestrum, umræðutímum og verkefnavinnu

**Námsmat:** 50% verkefni og 50% lokapróf. Verkefnaþátturinn skiptist í 10% raunhæf verkefni sem verða unnin í hópvinnum í tímum og 40% einstaklingsritgerð. Einstaklingsritgerðin skal vera um 3000 orð (8-12 bls.). Lokapróf verður munnlegt. Námsmat verður byggt á þátttöku í tímum 10%, verkefnum 40% og munnlegu lokaprófi 50%.

**Tungumál:** Íslenska

## **L-704-EVFL Evrópskur fjölmiðlaréttur**

3 ein./6 ECTS

A/E

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Haustönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennari:** Páll Þórhallsson

**Námsmarkmið:**

The aim of the course is to give students insight into selected media law questions which are currently debated at European level. At the same time the course will be an opportunity for students to develop skills in presenting orally and in writing topical legal issues.

**Lýsing:** The course will deal with selected media law issues such as defamation, the right of journalists not to reveal their sources, freedom of the press vs. right to privacy,



media and the courts, access to public information, public service broadcasting, media pluralism, children and the new media, right of reply and advertising regulation. The issues will be analysed on the basis of Article 10 of the European Convention on Human Rights, the case-law of the European Court of Human Rights and Recommendations and Declarations of the Committee of Ministers of the Council of Europe. Comparison will be drawn with national legal systems as appropriate. The impact of EU law will be taken into account, in particular the e-commerce Directive and the Directive on Television without Frontiers.

**Lesefni:** Freedom of Speech, Second edition, Eric Barendt

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar kennara og nemenda

**Námsmat:** Ritgerð og fyrirlestur nemenda (30%), skriflegt lokapróf (70%).

**Tungumál:** Íslenska/enska

## L- Evrópuréttur á sviði fjármálaþjónustu

3 ein./6 ECTS

A/E

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Haustönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslutímar sem skipt er á tvær vikur

**Kennari:** Hallgrímur Ásgeirsson

**Námsmarkmið:**

Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemendur hafi öðlast yfirsýn og skilning á reglum í Evrópurétti um fjármálaþjónustu og þýðingu þessara reglna í landsrétti. Námskeiðið er sjálfstætt en er jafnframt góður undirbúningur fyrir námskeið um Evrópurétt á sviði fjármagnsmarkaða. Þessi tvö námskeið munu þannig veita heilstætt yfirlit yfir alla mikilvægustu þætti í fjármálastarfsemi í Evrópu.

**Lýsing:** Á námskeiðinu verður gerð grein fyrir eftirfarandi þáttum:

- Inngangur og kynning á fjármálaþjónustu
- Frumréttur
- Ársreikningar og reikningshald
- Bankastarfsemi
- Tryggingastarfsemi
- Fjárfestingaþjónusta
- Verðbréfasjóðir
- Lífeyrissjóðir

**Lesefni:** Áhersla verður lögð á þjálfun í skilningi, túlkun og beitingu réttarheimilda í frumrétti (Rómarsamningsins og EES-samningsins), í afleiddum rétti (tilskipana) sem og skýringu dóma á sviði fjármálaþjónustu.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, umræður og raunhæf verkefni

**Námsmat:** Mæting og þátttaka í tímum 15%, skriflegt hópverkefni (20%) og lokapróf 65%.

**Tungumál:** Íslenska/enska

**L-712-EVII Evrópuréttur IIA: Free movement of goods & adjacent areas**

3 ein./6 ECTS

A/E

- Sjá lýsingu undir haustönn 2008

**L-803-EVR3 Evrópuréttur III: Competition Law**

3 ein./6 ECTS

A/E

- Sjá lýsingu undir haustönn 2008

**L-706-FJAR Fjarskiptaréttur**

3 ein./6 ECTS

A

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Haustönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennarar:** Sigurjón Ingvason, Jóhanna Helga Halldórsdóttir

**Námsmarkmið:**

Stefnt er að því að nemendur:

- tileinki sér meginreglur fjarskiptaréttar og öðlist skilning á því hvernig réttarreglum um fjarskiptamarkaðinn er beitt á samræmdan hátt innan Evrópska efnahagssvæðisins
- verði færir um að greina viðfangsefni út frá mismunandi sjónarhornum þeirra aðila sem helst þurfa á lögfræðilekkingu á fjarskiptasviði að halda. Þar er m.a. um að ræða innlend stjórnvöld, EES-stjórnvöld og fjarskiptafyrirtæki, annars vegar markaðsráðandi fyrirtæki og hins vegar ný og smærri fyrirtæki.

**Lýsing:** Fjarskiptamarkaðurinn er markaður í örri þróun og það sama má segja um þær réttarreglur sem um hann gilda. Markaðurinn hefur þá sérstöðu að á honum ríkti einkaréttur allt fram til ársins 1998. Þegar samkeppni var gefin frjáls höfðu fyrrum einkaréttarhafar yfirburðastöðu á markaðnum, bæði vegna mikillar markaðshlutdeildar og vegna þess að þeir réðu yfir fjarskiptanetum og annarri ómissandi aðstöðu sem nýjum fyrirtækjum var ekki mögulegt að koma sér upp. Til þess að gefa nýjum fyrirtækjum

möguleika á að koma inn á markaðinn þurfti að mæla fyrir um aðgang að fjarskiptanetum fyrrum einkaréttarhafa. Evrópusambandið innleiddi af þeim sökum löggjöf sem ætlað var að stuðla að samkeppni í fjarskiptum á innri markaði ESB og er mikil áhersla lögð á samræmda innleiðingu og framkvæmd þessarar löggjafar í aðildarríkjunum. Eftirlitsstofnanir á sviði fjarskipta í Evrópu hafa með sér náðið samstarf og Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn ESB koma í mörgum tilvikum að afgreiðslu mála innan aðildarríkjanna. Löggjöfin hefur ákveðin tengsl við samkeppnisrétt og byggir að hluta til á sömu aðferðafræði. Sérstakar samkeppnisreglur fjarskiptaréttarins (Sector Specific Regulation) skera sig þó úr að mörgu leyti, t.a.m. að þeim er beitt fyrirfram til þess að draga úr möguleikum á misbeitingu (ex ante), í stað þess að bregðast við samkeppnisbrotum eftir á (ex post). Þó að fjarskiptalöggjöfinni sé að meginstefnu til ætlað að vera tæknilega hlutlaus þá hafa örur breytingar á tækni kallað á endurskoðun reglna með reglulegu millibili. Sem dæmi um tækninýjungar, sem kallað hafa á breytingar á löggjöf eða eru til skoðunar, má nefna samruna fjarskipta-, sjónvarps- og upplýsingatækni, stafrænt sjónvarp og Voice-over-IP-símatækni. Á námskeiðinu verður farið yfir grundvallaratriði fjarskiptaréttar sem byggir að mestu á EES-rétti. Farið verður yfir helstu EES-gerðir á þessu sviði og skoðað hvernig þær hafa verið innleiddar í íslenskan rétt. Skoðað verður sérstaklega hlutverk eftirlitsaðila og séreinkenni fjarskiptamarkaðar. Fjallað verður um tengsl fjarskiptaréttar og samkeppnisréttar. Meðal helstu efnisatriða eru eftirfarandi: Markaðsgreining og úrræði til eflingar samkeppni, málsmeðferðarreglur og samskipti við ESA, aðgangur að ómissandi aðstöðu, samtenging fjarskiptaneta, innlendir og alþjóðlegir samningar, t.d. um reiki og samtengingu, heimildir til fjarskiptareksturs, reglur um úthlutun tíðniheimilda og númera, alþjónusta (þ.e. lágmarksþjónusta við almenning), reglur um sjónvarpsdreifikerfi, uppsetning fjarskiptamannvirkja og aðgangur að landi, leynd og vernd fjarskipta og persónuupplýsinga. Frekari upplýsingar um viðfangsefnið er m.a. að finna á vefsíðum Póst- og fjarskiptastofnunar, Eftirlitsstofnunar ESA og framkvæmdastjórnar ESB: [www.pfs.is](http://www.pfs.is) <http://www.eftasurv.int/fieldsOfWork/fieldservices/telecoms/dbaFile997.html> [http://europa.eu.int/information\\_society/topics/ecom/index\\_en.htm](http://europa.eu.int/information_society/topics/ecom/index_en.htm)

**Lesefni:** EU Electronic Communications Law. Paul L Nihoul and Peter B Rodford.

**Kennsluáðferðir:** Kennsla verður í formi fyrirlestra, umræðutíma og verkefna. Gert er ráð fyrir verulegri þátttöku nemenda, m.a. í umræðum, raunhæfum verkefnum og reifun dóma

**Námsmat:** Verkefni 50%, lokapróf 50%

**Tungumál:** Íslenska/enska

## L-707-GASO Gagnaöflun og málflytningur í einkamálum

3 ein./6 ECTS

- Sjá lýsingu undir haustönn 2008

## L-708-HVOM Hlutverk verjanda í opinberum málum

3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Haustönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennarar:** Björn Lárus Bergsson, Guðrún Sesselja Arnardóttir

### Námsmarkmið:

Að veita nemendum trausta þekkingu á hlutverki og skyldum verjanda fyrir og eftir höfðun opinbers máls og þeim grunnréttindum sakbornings sem verjandanum er m.a. ætlað að fylgjast með að ekki séu af honum höfð. Einnig að auka færni og þekkingu á skýrslutökum og flutningi munnlegrar varnar í sakamálum. Jafnframt að kryfja til mergjar þau siðferðilegu og raunhæfu vandamál sem upp kunna að koma í samskiptum verjanda og skjólstæðings hans og í samskiptum við fjölmiðla.

**Lýsing:** Farið verður í saumana á ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um réttarstöðu sakaðra manna og fjallað um sjónarmið sem liggja því til grundvallar að tryggja rétt sakaðra manna til málsvarnar við rannsókn sakamála og meðferð þeirra fyrir dómi. Fjallað verður um hlutverk verjanda við lögreglurannsókn og þvingunaraðgerðir lögreglu, svo sem við meðferð gæsluvarðhalds- og farbannskröfu og skýrslutökur fyrir dómi á rannsóknarstigi. Áhersla verður lögð á þau lagaákvæði sem miða að því að tryggja heimildir verjandans til að gæta hagsmuna þess sem fyrir sökum er hafður, með tilliti til trúnaðarsambands við hinn sakaða, réttinn til að vera viðstaddur yfirheyrslur, til að hafa aðgang að gögnum og til að fylgjast með framvindu máls. Þá verður fjallað um hlutverk verjanda eftir útgáfu ákæru, sjálfstæða gagnaöflun hans og áskoranir hans um að ákæruvald hlutist til um frekari rannsókn á einstökum þáttum máls. Fjallað verður um skýrslutökur af ákærða og vitnum í opinberum málum og hlutverk verjanda í því sambandi. Einnig verður fjallað um frávísunarkröfur, mótmæli við málatilbúnaði ákæruvalds, úrskurði undir rekstri mála svo og undirbúning og flutning á varnarræðum við aðalmeðferð. Kærur og áfrýjanir úrskurða og dóma verða teknar til skoðunar og málsmeðferð og flutningur opinberra mála fyrir Hæstarétti. Gefin verður gaumur að eftirfylgni mála að endanlegum dómi gengnum. Þá verður fjallað sérstaklega um samskipti kærða/ákærða og verjanda hans og siðferðilegar spurningar sem upp kunna að koma í þeim samskiptum. Þá verður fjallað um samskipti verjanda og fjölmiðla.

**Lesefni:** Tilkynt síðar.

**Kennsluáðferðir:** Fyrirlestrar, umræðutímar, vettvangsferðir, gestafyrirlestrar og umræðuþræðir eftir atvikum.

**Námsmat:** Spjallþráðaþátttaka eftir atvikum 5-10% Heimapróf 10-15% Verkefni 30% Munnlegt próf 50% Ef ekki verður tilefni til a.m.k. tveggja spjallþráða (þjóðfélags-umræða tengd verjendastörfum), mun vægi munnlegs prófs hækka.

**Tungumál:** Íslenska

**L-701-LAKE Lagakenningar**

3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár**Önn:** Haustönn 2009**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið**Undanfarar:** Engir**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn.**Kennarar:** Arnar Þór Jónsson, Davíð Þór Björgvinsson**Námsmarkmið:**

Markmið námskeiðsins er að undirbúa nemendur undir vinnu við meistararitgerð sína og undir frekari fræðileg skrif eða umræðu um lögfræði í námi og starfi. Nánar tiltekið er markmiðið annars vegar að nemendur öðlist fræðilegan grunn undir frekara nám og sjálfstæða fræðihugsun og hins vegar að þeir þjálfist í gagnrýnum lestri og umræðu um fræðileg efni. Námskeiðið stefnir því öðrum þræði að því að nemendur auki þekkingu sína og hinum þræðinum að því að þeir tileinki sér tiltekna aðferð. Þetta nýtist hvort tveggja bæði við ritgerðarvinnu og vinnu að lögfræðistörfum.

**Lýsing:** Í fyrri hluta námskeiðsins verður lesið um stefnur í lögfræði. M.a. verða skoðuð mismunandi svör við spurningum um eðli og uppruna laga, tengsl þeirra við siðferði og um þau svör sem lögfræði getur gefið okkur og takmörk þeirra. Þá verður sömuleiðis litið á þróun kenninga í lögfræði sem hugmyndasögu og skoðað hvernig kenningar í lögfræði hafa áhrif á það hvað vekur áhuga lögfræðinga og hvernig rétturinn þróast. Í þessum hluta verða lesnar íslenskar og erlendar fræðigreinar og bókarrhlutar um hvað séu lög, hvað sé réttlæti, eðli réttinda, hinn júrídíska þankagang, áhrif lagakenninga á dómaframkvæmd o.fl. Kennsla verður mest í hefðbundnu fyrirlestra- og umræðuformi, og eftir því sem efnin bjóða upp á verða málin rædd í fámennum hópum. Í síðari hluta námskeiðsins verða hins vegar lesnar greinar um ýmis efni skrifaðar frá ýmsum sjónarhornum, m.a. um lög og hagfræði, lög og feminisma o.fl. Þetta er til þess að nemendur kynnist mismunandi nálgun og aðferðum við lögfræðileg skrif en líka því hvaða reglum slík skrif fylgja þó þau séu afar ólík að öðru leyti. Greinarnar verða af ýmsum sviðum lögfræðinnar sem nemendur hafa kynnst í grunnnáminu og stefnt er að því að leita fanga sem víðast. Fyrirkomulagið í þessum hluta verður þannig að ein til tvær greinar verða ræddar í hverjum tíma. Fyrir hvern tíma skulu nokkrir nemar hafa lesið tiltekna fræðigreina ítarlega og skrifað um hana gagnrýni eða svör við gagnrýni á greinina sem verður dreift til hópsins. Almennar umræður byggjast síðan m.a. á gagnrýninni og svörum við henni.

**Lesefni:** Jurisprudence – theory and context. Brian Bix.**Kennsluaðferðir:** Meðal annars í formi fyrirlestra og umræðutíma.**Námsmat:** Námsmatið verður með eftirfarandi hætti: 25% verkefni (gagnrýni / andsvar á grein) 75% munnlegt próf. Þá getur þátttaka í umræðum haft áhrif á einkunn.**Tungumál:** Íslenska

A/E

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Haustönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** A level equivalent to Advanced English is an advantage, but not a condition. Interest and/or ability in verbal communication is indispensable. So is a good level of English.

**Skipulag:** Three weeks spread over the semester.

**Kennari:** Peter Dyrberg and NN

**Námsmarkmið:**

The aim is to enable students to write and speak about law so that is interesting to the recipient of the information.

**Lýsing:** Unfortunately a complaint often voiced is that lawyers cannot communicate. The complaint is voiced by ordinary people, business men, politicians, and oddly enough, from time to time, also by lawyers. A sign of the sad state of matters is probably the fact that in the office of almost every lawyer, there is a pile of interesting articles and reviews that he feels he should read but never get around to read, because they are simply....so boring.

The complaint is saddening and astonishing. It is saddening because as a profession, we have to concede that apparently we are not good enough compared with other professions that increasingly make competition with us, such as for instance accountants and political scientists. It is also saddening because apparently, we fails to train students sufficiently in skills that are essential; it seems to be common ground that in the future, enhanced communication skills will be primordial in any business. The complaint is also astonishing because as a lawyer, you have to live of your language. If you cannot convey your message, you cannot win a court case. If you cannot explain the case to the client, the client may never bring the case in the first place.

The course is aimed at attacking this problem. In order to overcome the problem, it is necessary to have knowledge of some basic insights and techniques from linguistics and communication theory. Such techniques are for instance visualisation, translation and condensing your message into a picture that the memory finds pleasure in retaining. Next, these techniques will never be mastered if they are not put into focused practice. Thus, the course has two components, presenting the techniques, and a lot of practice exercises. Both written and oral communication skills will be trained.

**Lesefni:** A number of texts, both of a non-legal and a legal nature will be provided through the course. This refers to texts of a theoretical nature. Moreover, a considerable mass of legal texts will have to be digested in order to assess their value from the angle of communication value.

**Kennsluaðferðir:** Lectures and practice exercises, be it in writing or orally. Presence in course is as good as indispensable. The lectures will present insights and tools from

communication theory and from legal literature that has focused on the problems of communicating legal matters. Practice exercises will for instance consist in re-writing legal texts that are poor from a communication angle, resuming complicated legal texts, explaining legal problems in ordinary language or targeting texts for other audiences than the one originally foreseen. Moreover, both in the EU and in a number of EEA States, the linguistic quality of legislation has been object of quite some attention and guide-lines have been established on the matter. Such guide-lines will be reviewed.

**Námsmat:** Tests during the course and at the end, a written exam (3 hours)

**Tungumál:** English

## L-714-ECHR Mannréttindasáttmáli Evrópu

3 ein./6 ECTS

A/E

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Haustönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennarar:** Oddný Mjöll Arnardóttir, Davíð Þór Björgvinsson, Guðrún Gauksdóttir

**Námsmarkmið:**

Þekking á alþjóðlegri mannréttindavernd er orðin mikilvægur þáttur í ýmsum störfum á innlendum og erlendum vettvangi, t.d. í starfi lögmanna, dómara, þeirra sem vinna í stjórnsýslunni eða þeirra sem stunda viðskipti. Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur þar sérstakt vægi vegna þess hve rík áhrif hann hefur á ýmis svið landsréttar Evrópuríkja. Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist eftirfarandi þekkingu, hæfni og færni:

- Þekkingu á öllum helstu efnisréttindum sem sáttmálinn verndar, eftirlitskerfi hans, aðferðum Mannréttindadómstólsins við túlkun og beitingu ákvæða sáttmálans og samspili hans við landsrétt aðildarríkja, - hæfni til að skilja eðli og gangverk þeirrar réttarverndar sem sáttmálinn veitir og - færni í beitingu réttarreglna sáttmálans um raunhæf úrlausnarefni.

**Lýsing:** Á námskeiðinu er fjallað ítarlega um Mannréttindasáttmála Evrópu og þau efnisréttindi sem hann verndar. Í fyrri hluta námskeiðisins er gerð almenn grein fyrir stofnunum Evrópuráðsins, Mannréttindasáttmálanum og eftirlitskerfi hans. Fjallað er um Mannréttindadómstól Evrópu, meðferð mála fyrir honum, starfsaðferðir dómstólsins og framtíðarhorfur eftirlitskerfisins. Þá er aðferðum Mannréttindadómstólsins við túlkun og beitingu efnisákvæða sáttmálans gerð skil. Loks er fjallað um tengsl Mannréttindasáttmálans við evrópurétt og landsrétt aðildarríkja. Í seinni hluta námskeiðsins er fjallað ítarlega um helstu efnisréttindi sem sáttmálinn og viðaukar við hann vernda, s.s. réttinn til lífs, bann við pyndingum, rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, hugsana-, samvisku og trúfrelsi, tjáningarfrelsi, funda- og félagafrelsi, bann við mismunun, vernd eignarréttar, rétt til mennt-

unar o.fl. Stefnt er að því að skipulögð verði námsferð til Evrópuráðsins þar sem m.a. verði fylgst með málf lutningi fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Þátttaka í námsferðinni er valkvæð.

**Lesefni:** Ovey, Claire & White, Robin: Jacobs and White, The European Convention on Human Rights, 4. útg., Oxford, 2006.

Til hliðsjónar Björg Thorarensen o.fl. (ritstj.): Mannréttindasáttmáli Evrópu, Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt, Reykjavík, 2005.

Annað lesefni verður tilkynnt síðar.

**Kennsluáðferðir:** Fyrirlestrar, verkefnaátímar og umræðutímar.

**Námsmat:** Tilkynnt síðar

**Tungumál:** Íslenska/enska

## **L-735-MSHR Málstofa um alþjóðlega mannréttindavernd**

3 ein./6 ECTS

A/E

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Haustönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar/leiðsagartímar á önn

**Kennari:** Oddný Mjöll Arnardóttir

**Námsmarkmið:**

Þekking á alþjóðlegri mannréttindavernd er orðin mikilvægur þáttur í ýmsum störfum á innlendum og erlendum vettvangi, t.d. í starfi lögmanna, dómara, þeirra sem vinna í stjórnýslunni eða þeirra sem stunda viðskipti. Markmið málstofunnar er að nemendur öðlist eftirfarandi þekkingu, hæfni og færni: - Grunnþekkingu og yfirsýn yfir fræðilegan bakgrunn, þróun og kerfi alþjóðlegrar mannréttindaverndar sem mun nýtast nemendum í starfi eða í frekara námi á þessu sviði, - hæfni til að skilja eðli og tilgang alþjóðlegrar mannréttindaverndar, - dýpri efnislega þekkingu á völdum viðfangsefnum alþjóðlegrar mannréttindaverndar og - færni í fræðilegri greiningu og vísindalegum vinnubrögðum við umfjöllun um álitæfni á sviði alþjóðlegrar mannréttindaverndar.

**Lýsing:** Á námskeiðinu er í fyrsta lagi fjallað um kerfi alþjóðlegrar mannréttindaverndar og gefið yfirlit yfir helstu mannréttindasamninga, bæði þá vernd sem þeir veita réttindum einstaklinga og eftirlit með því að ríki uppfylli skuldbindingar sínum samkvæmt samningunum. Í öðru lagi er fjallað um kenningalegan grunn, grunnhugtök og þróun alþjóðlegrar mannréttindaverndar. Í þriðja lagi er fjallað ítarlega um valin viðfangsefni alþjóðlegrar mannréttindaverndar, en val á viðfangsefnum málstofunnar taka að einhverju leyti mið af sérfræðiþekkingu kennara, þ.á.m. íslenskra og erlendra



gestakennara. Í fjórða lagi er veitt þjálfun og leiðsögn í fræðilegri greiningu og vísindalegum vinnubrögðum við umfjöllun um álitæfni á sviði alþjóðlegrar mannréttindaverndar.

**Leseefni:** Tilkynnt síðar

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, verkefnatímar og umræðutímar

**Námsmat:** Ritgerð, verkefni og þátttaka.

**Tungumál:** Íslenska/enska

## **L-806-FELA Málstofa um stjórnhætti hlutafélaga** 3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Haustönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennari:** Áslaug Björgvinsdóttir

**Námsmarkmið:**

Nemendur öðlist aukinn skilning á reglum um stjórnkerfi hlutafélaga og hlutverki þeirra og enn fremur fræðist um inntak og þróun svokallaðrar stjórnháttumræðu (Corporate Governance). Nemendur kunnir skil á hlutverki, samspili, valdsviði og ábyrgð stjórnar, framkvæmdastjóra, hluthafa og endurskoðenda í hlutafélögum og stöðu annarra haghafa sem tengjast starfsemi hlutafélaga

**Lýsing:** Í námskeiðinu verður fjallað ítarlega um stjórnkerfi hlutafélaga m.a. í sam- anburði við erlendan rétt og þróunina í Evrópu. Í námskeiðinu verða til umfjöllunar svokallaðir stjórnhættir (Corporate Governance), þ.e. hvernig er skipað/á að skipa hlut- verki og samskiptum hluthafa og stjórnenda sem í sameiningu móta stefnu félagsins, taka ákvarðanir í málefnum þess og ráða framferði þess í viðskiptum. Fjallað verður um sérstöðu hlutafélagafarmsins, hagsmunaárekstra sem skipulag og starfsemi þeirra skapar og þau álitæfni sem löggjafinn og aðrir reglusetningaraðilar standa frammi fyrir við setningu reglna um þetta félagafarm. Jafnframt því að gera skil hlutverki og ábyrgð stjórnendanna (félagisstjórnar og framkvæmdastjóra) og stöðu hluthafa, verður stöðu endurskoðenda í hlutafélögum gerð sérstök skil, þ.e. hlutverki þeirra og ábyrgð í vegna starfa þeirra fyrir hlutafélög samkvæmt hlutafélagalögum, lögum um endurskoð- endur og ördum reglum. Aðrir haghafar sem tengjast rekstri hlutafélaga koma einnig til skoðunar. M.a. verða skoðaðar reglur og sjónarmið um umgjörð áhrifa hluthafa og eftirlits þeirra með stjórnendum félagsins, skipan stjórnar og hæfi stjórnarmanna, þ.á m. sérreglur íslensks réttar um hlutfalls- og margfeldiskosningar, ákvörðun launa/ þóknunnar stjórnenda samspil stjórnar og framkvæmdastjóra, viðskipti tengdra aðila og reglusetningaaðferðir.

**Leseefni:** Tilkynnt síðar

**Kennsluáferðir:** Fyrirlestrar, umræðutímar, verkefni og heimsóknir.

**Námsmat:** Próf 60% og verkefni 40%.

**Tungumál:** Íslenska

## L-Neytendamarkaðsréttur

3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Haustönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Æskilegt að nemendur hafi lokið samningarétti

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn.

**Kennari:** Gísli Tryggvason.

### Námsmarkmið:

Markmið valnámskeiðs í neytendamarkaðsrétti er:

- að nemendur í námskeiðinu tileinki sér megin Einkenni neytendamarkaðsréttar, þ.e. stöðu hans í fræðikerfi lögfræðinnar, helstu réttarheimildir og samhengi neytendamarkaðsréttar við önnur svið og greinar og
- að meginþorri nemenda geti auk þess beitt megin lagabálkum og öðrum helstu réttarheimildum, greint einstök álitamál og gagnrýnt lausnir á þeim.

**Lýsing:** Neytendamarkaðsréttur (eða neytendaréttur í rýmri merkingu) er ný fræðigrein á Íslandi sem skipta má í tvo meginþætti:

- markaðsrétt, sem er á sviði allsherjarréttar, og
- neytendarétt, sem svo mætti nefna (í þrengri merkingu) og er safn einkaréttarlegra reglna.

### Meginverkefni námskeiðsins er

- að skilgreina og gagnrýna hið lagalega hugtak „neytandi“ og mismunandi afmörkun þess,
- að miðla grundvallaratriðum í neytendamarkaðsrétti,
- að fara yfir stöðu neytendamarkaðsréttar innan fræðikerfis lögfræðinnar og tengslum hans við aðrar greinar en lögfræði,
- að greina það sem neytendamarkaðsréttur á sameiginlegt með skyldum fræðigreinum, svo sem vinnumarkaðsrétti, og tengdum réttarsviðum,
- að leggja áherslu á að skýra hvað aðgreinir neytendamarkaðsrétt og skyldar fræðigreinar frá tengdum réttarsviðum, svo sem samkeppnisrétti og hefðbundnum greinum fjármunaréttar, bæði almennum greinum og sérstökum (undir)greinum, svo sem leigurétti,
- rekja helstu réttarheimildir, einkum lagabálka, en einnig Evrópureglur og fyrirliggjandi fordæmi íslenskra og norræna dómstóla og ekki síst úrskurðarnefnda og annarra úrlausnaraðila og álitsgjafa og áhrifaðila og
- kynnast fyrirliggjandi stofnanakerfi neytendamarkaðsréttar og mögulegum réttarúræðum til þess að fylgja eftir efnisreglum.

Megináherslan verður á gildandi rétt (de lege lata) en þar sem neytendamarkaðsréttur telst mjög framsækið réttarsvið verður rætt meira en í eldri fræðigreinum um æskilegar réttarbætur (de lege ferenda) og ekki síður mögulegar niðurstöður úrlausnaraðila (de sententia ferenda).

**Leseefni:** Tilkynnt síðar.

**Kennsluáðferðir:** Fyrirlestrar kennara og eftir atvikum gestakennara í tengdum fræðigreinum og heimsóknir til stofnana sem tengjast efni námskeiðsins, umræður og verkefni sem nemendur vinna undir leiðsögn kennara.

**Námsmat:** Símat á borð við einstaklingsverkefni, ritgerð og eftir atvikum hópavinna 70% og lokapróf 30%.

**Tungumál:** Íslenska

## L-709-SJFL Sjó- og flutningaréttur

3 ein./6 ECTS

A

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Haustönn 2009

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennarar:** Guðmundur Sigurðsson, Einar Baldvin Axelsson

**Námsmarkmið:**

Það liggur í hlutarins eðli að þær réttarreglur sem gilda um flutninga á farmi og farþegum til og frá Íslandi eru mjög mikilvægar. Markmiðið með námskeiðinu er m.a. að veita nemendum innsýn í þær reglur. Megináherslan verður lögð á farmflutninga á sjó og landi. Þá verður einnig fjallað um réttarreglur um flutning farþega. Margar þeirra réttarreglna sem gilda um flutninga byggja á alþjóðlegum sáttmálum sem sumir hafa verið staðfestir af Íslandi eða íslensk löggjöf löguð að. Þá hefur samstarf Norðurlandanna á sviði sjóréttar verið mikið. Auk þess er á þessu sviði réttarins í notkun mikill fjöldi staðlaðra samningsskilmála. Þessu veldur að margar af hinum lögfestu réttarreglum á sviði flutninga eru undanþægar. Af þessu leiðir að einnig verður fjallað um alþjóðlegt umhverfi sjó- og flutningaréttar. Til viðbótar því sem hér hefur verið sagt er markmiðið með námskeiðinu ekki hvað síst það að þjálfar nemendur í að fást við raunveruleg álitæfni. Því er mjög mikil áhersla lögð á úrlausn raunhæfra verkefna

**Lýsing:** Námskeiðinu er skipt í almennan og sérstakan hluta. Í almenna hlutanum er fjallað um eftirfarandi: 1. Sjóréttur: Viðfangsefni sjóréttarins, réttarheimildir, alþjóðasamstarf. Eftirlit með skipum og flokkunarfélög. Sjómenn, skiprúmssamningar og starfsskyldur. Einingaflutningar: Flutningsskjöl, efnisatriði þeirra og skilmálar, ófrávíkjanlegar reglur um bótaskyldu og gildissvið þeirra, takmörkun ábyrgðar farmflytjanda og allsherjartakmörkun ábyrgðar útgerðarmanns. Ferðaleigusamningar,

tímaleigu-samningar, björgun farmtryggingar, ábyrgð útgerðarmanns vegna mengunartjóns og kostnaðar við að fjarlægja skip. 2. Landflutningar. CMR-sáttmálinn um landflutninga. Lög nr. 24/1982 um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi. 3. Fjölpátta farmsamningar. 4. Loftflutningar. Loftferðalög nr. 60/1998. Alþjóðasáttmálar. Þá verður fjallað um INCOTERMS. Í sérstaka hlutanum verða lögð fyrir tvö raunhæf verkefni. Fyrra verkefnið er einstaklingsverkefni. Seinna verkefnið, sem verður á sviði hins hefðbundna sjó- og flutningaréttar, er hópverkefni og víðameira en það fyrra. Þar munu nemendur taka að sér að gæta hagsmuna annars vegar tjónþola og hins vegar farmflytjanda.

**Lesefni:** Ný lög um samninga um vöruflutninga á landi. Arnljótur Björnsson.

Nýju siglingalögin III, Almenn takmörkun á bótaábyrgð eftir 9. og 10. kafla siglingalaga. Arnljótur Björnsson.

Nýju siglingalögin IV, Ábyrgð flytjanda vegna framatjóns. Arnljótur Björnsson.

Scandinavian maritime law: The Norwegian perspective. Falkanger, Thor og Bull, Hans Jacob.

Skilmálar frá t.d. Eimskip, Samskip, Atlantsskip, SÍK, TVG Zimsen og NSAB 2000.

The law of transport operators in international trade. Jan Ramberg.

**Kennsluáðferðir:** Í almenna hluta námskeiðsins fer kennsla fyrst og fremst fram í fyrirlestra- og umræðuformi. Í sérstaka hluta námskeiðsins verður ekki notast við fyrirlestraform heldur fer kennsla fram í formi leiðbeininga og umræðna í tengslum við úrlausn raunhæfra verkefna.

**Námsmat:** Að loknum almenna hluta námskeiðsins verður skriflegt miðannarpróf sem gildir 30%. Prófið er 2 klst. Í sérstaka hlutanum verða tvö verkefni. Það fyrra, sem er einstaklingsverkefni, gildir 20%. Um er að ræða sólarhringsverkefni. Seinna verkefnið er hópverkefni og gildir 50%. Hópverkefnið skiptist í eftirfarandi þætti: 1. Gerð stefnu og framlagning dómskjala. 2. Greinargerðarskrif og framlagning dómskjala. 3. Aðalmeðferð máls. 4. Munnlegt próf í tengslum við raunhæfa verkefnið. 5. Þátttaka í málstofu um verkefnið. Nánar um seinna verkefnið: Hóparnir eiga að höfða mál eða skrifa greinargerð. Síðan verður aðalmeðferð í málinu. Nemendur flytja málið. Að lokinni aðalmeðferð verður hver nemandi fyrir sig prófaður munnlega úr efni verkefnisins. Þegar svo dómur liggur fyrir í málinu verður haldin málstofa um verkefnið þar sem gefin verður einkunn í samræmi við þátttöku hvers og eins. Þá verður frammistaða nemenda í tímum metin sérstaklega við lokaekunn og getur góð frammistaða leitt til hækkunar á lokaekunn. Nemendur sem ekki ná lármarkseinkunn 6 í námskeiðinu í heild, eiga þess aðeins kost að fara í munnlegt endurtektarpróf sem gildir 100%.

**Tungumál:** Íslenska

## L-710-STJO Stjórnsýsluréttur II

3 ein./6 ECTS

Ár: 1. ár/2. ár

Önn: Haustönn 2009

Stig námsgreinar: Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennari:** Margrét V. Kristjánsdóttir

**Námsmarkmið:**

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist dýpri þekkingu á gildissviði stjórn-sýslulaga, óskráðum meginreglum stjórn-sýsluréttar, þjálfist í að vinna með grunnhug-tök og átti sig á stöðu stjórnvalda. Það er markmið að nemendur geri sér grein fyrir því hvernig verkefnum er skipt í stjórn-sýslunni og stjórnunarúrræðum, þekki mismunandi tegundir samninga sem stjórnvöld gera og fái heildstæða mynd af gildandi reglum um upplýsingarétt aðila og upplýsingaskyldu stjórnvalda.

**Lýsing:** Námskeiðinu er ætlað að vera framhald á grunnnámskeiði í stjórn-sýslurétti. Í grunnnámskeiðinu var öðluðust nemendur yfirsýn yfir meginatriði stjórn-sýsluréttar en áhersla var lögð á málsmeðferðarreglur og efnisreglur stjórn-sýsluréttar. Í þessu námskeiði verður meðal annars lögð áhersla á lögskýringarsjónarmið og túlkun stjórn-sýslulaga, stjórnvaldshugtakið, valdmörk stjórnvalda, skiptingu verkefna og stjórnun í stjórn-sýslunni. Einnig verður fjallað um einkaréttarlega samninga, stjórn-sýslusamninga, þjónustusamninga og þjónustugjöld auk þess sem gerð verður grein fyrir upplýs-ingarétti og upplýsingaskyldu samkvæmt upplýsingalögum og öðrum lögum.

**Lesefni:** Páll Hreinsson: Hæfisreglur stjórn-sýslulaga, Fjölrit útbúið af kennara

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og umræðutímar

**Námsmat:** Próf 40% og verkefni 60%. Fyrirkomulag og innbyrðis vægi verkefna tilkynnt síðar.

**Tungumál:** Íslenska

## **L-811-PJIL The Philip C. Jessup Int. Law Moot Court Compet.**

6 ein./12 ECTS

A

- Sjá lýsingu undir haustönn 2008

## **L-Utanríkismál Íslands**

3 ein./6 ECTS

E

- Sjá lýsingu undir haustönn 2008

## **L-732-WICA Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot (I)**

3 ein./6 ECTS

A

- Sjá lýsingu undir haustönn 2008

## Vor 2010

### L-721-ALTH Alþjóðastofnanir

3 ein./6 ECTS

A/E

Ár: 1. ár/ 2. ár

Önn: Vorönn 2010

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennari:** Þórdís Ingadóttir

**Námsmarkmið:**

Stefnt er að því að nemendur öðlist góða yfirsýn yfir alþjóðastofnanir, eðli þeirra, réttarstöðu, styrk og veikleika.

**Lýsing:** Námskeiðið fjallar um alþjóðastofnanir og þeirra aukna vægi, bæði í þjóðarétti og landsrétti. Í fyrri hluta námskeiðs verður farið í stofnreglur alþjóðastofnana, aðild og ákvarðanatöku innan þeirra, og réttarstöðu gagnvart aðildarríkjum. Í seinni hluta námskeiðs verður fjallað um alþjóðastofnanir sem aðila í þjóðarétti, hlutverk og áhrif og réttarstöðu gagnvart ríkjum og öðrum alþjóðastofnunum.

**Lesefni:** Tilkynnt síðar

**Kennsluáferðir:** Fyrirlestrar og umræður. Nemendur flytja framsögu um ritgerð-arefni á þeim degi sem viðkomandi/tengt efni verður rætt.

**Námsmat:** Ritgerð og framsaga 60%, munnlegt lokapróf 40%.

**Tungumál:** Íslenska/enska

### L-722-AELS Alþjóðlegur einkamálaréttur, lagaskil á sviði samningaréttar

3 ein./6 ECTS

A

Ár: 1. ár/ 2. ár

Önn: Vorönn 2010

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennari:** Herdís Hallmarsdóttir, Guðjón Ólafur Jónsson

**Námsmarkmið:**

Stefnt er að því að nemendur:

- öðlist grunnþekkingu í alþjóðlegum einkamálarétti.

- öðlist kunnáttu um það hvar málshöfðun skuli fara fram þegar aðilar eru búsettir í sitt hvoru ríkinu ellegar sakarefnið hefur sérstaka tengingu við annað land.
- kunni að beita þeim reglum og sjónarmiðum er gilda þegar ákvarða þarf hvers lands lögum skal beita um sakarefni.

**Lýsing:** Alþjóðlegur einkamálaréttur segir til um hvers lands lögum skuli beita þegar sakaræfni tengist erlendum rétti. Á námskeiðinu verður fjallað um lagaskil á ýmsum réttar sviðum en megináherslan er lögð á Lúganósamninginn um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 68/1995 sem og lagaskil á sviði samningaréttar, sbr. lög nr. 43/2000. Í upphafi verður fjallað um þær almennu reglur er gilda þegar sakarefni tengist fleiri en einu landi. Þá verður fjallað um Lúganósamninginn og í því samhengi reifaðir dómar Evrópudómstólsins sem fallið hafa um Brusselsamninginn. Eins verður fjallað um reglugerð Evrópusambandsins nr. 44/2001 sem tók við af Brusselsamningnum 1. mars 2002. Þá verður fjallað um lög um lagaskil á sviði samningaréttar nr. 43/2000, þ.á.m. hvaða samningar falli undir gildissvið laganna, samninga um lagaval, hvaða reglur gildi þegar ekki hefur verið samið um lagaval, hvaða ófrávíkjanlegar reglur gildi samkvæmt lögnum, reglur um efnislegt og formlegt gildi samnings og fjölmörg önnur atriði er þýðingu hafa þegar reynt er að komast að niðurstöðu um það hvers lands lögum skuli beita við úrlausn álitafna sem rísa kunna um samningaskuldbindingar sem tengjast fleiri en einu landi

**Lesefni:** Gaarders innføring í internasjonalt privatrett. Hans Petter Lundgaard.

**Kennsluaðferðir:** Kennsla verður í formi fyrirlestra, umræðna og raunhæfra verkefna.

**Námsmat:** Raunhæf verkefni 70%, munnlegt lokapróf 30%. Nemendur þurfa að fá minnst 6 í öllum þáttum námskeiðsins til þess að ljúka námskeiðinu.

**Tungumál:** Íslenska

## L-Auðgunar- og efnahagsbrot

3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2010

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennarar:** Sigurður Tómas Magnússon, Svala Ólafsdóttir, Björn Þorvaldsson

**Námsmarkmið:**

Að veita nemendum þekkingu á þeim hluta refsiréttarins sem einkum tekur til brotastarfsemi sem tengist atvinnurekstri. Stefnt er að því að nemendur öðlist trausta þekkingu á ákvæðum augðunarbrotakafla almennra hegningarlaga og þeim refsíákvæðum sem falla undir svokölluð efnahagsbrot en þau eru skilgreind sem refsiverð háttsemi í hagnaðarskygni, sem fer fram kerfisbundið og reglulega í annars löglegri atvinnustarfsemi lögaðila eða einstaklinga.

**Lýsing:** Nemendur fá fræðslu um auðgunarbrot og þá sérstaklega gildissvið einstakra refsíákvæða og mörk þeirra innbyrðis. Þá fá nemendur fræðslu um fjármunabrot almennt og um einstaka brotaflokkka sem falla undir efnahagsbrotahugtakið en það eru auk auðgunarbrota í atvinnustarfsemi, ýmis sérrefsilagabrot svo sem brot gegn skattalögum, tollalögum (tollsvik), lögum sem varða gjaldeyrismál, verðlagsmál, verðbréfa- og lánsviðskipti, umhverfisvernd, vinnuvernd og stjórn fiskveiða. Fjallað verður um það umhverfi sem efnahagsbrot spretta upp úr og þau atriði sem einkenna helst brotin, þá sem brotin fremja og rannsókn þessara brota. Fjallað verður um fjölda innlendra og erlendra dóma á þessu sviði.

**Lesefni:** Tilkynnt síðar.

**Kennsluáferðir:** Kennslan fer m.a. fram með fyrirlestrum, verkefnavinnu og umræðutímum um dóma og önnur valin efni.

**Námsmat:** Verkefni 50 %, Munnlegt lokapróf 50%

**Tungumál:** Íslenska

**L-740-BELA Business & Economic Law in China** 3 ein./6 ECTS

A/E

- Sjá lýsingu undir vorönn 2009

**L-Evrópuréttur á sviði fjármagnsmarkaða** 3 ein./6 ECTS

A/E

- Sjá lýsingu undir vorönn 2009

**L-734-EVII Evrópuréttur IIB: Free movement of persons, services & capital** 3 ein./6 ECTS

A/E

- Sjá lýsingu undir vorönn 2009

**L-832-EVR4 Evrópuréttur IV: The State and Competition** 3 ein./6 ECTS

A/E

- Sjá lýsingu undir vorönn 2009



## L-724-FJVL Fjárfestingafélög, verðbréfasjóðir og lífeyrissjóðir

3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2010

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennari:** Tómas Njáll Möller

**Námsmarkmið:**

Stefnt er að því að nemendur:

- öðlist góðan skilning á gildandi reglum um lífeyrissjóði, verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fjárfestingafélög,
- geti beitt þeim reglum jafnt í starfi fyrir banka, verðbréfafyrirtæki, lífeyrissjóði, hagsmunasamtök eða við úrlausn mála hjá öðrum fyrirtækjum.

**Lýsing:** Á námskeiðinu verður stúdentum kynnt lög um lífeyrissjóði og aðrar reglur sem um starfsemi þeirra gilda. Íslenskir lífeyrissjóðir hafa vaxið mjög ört undanfarin ár og fyrirsjáanlegt er að þar verði framhald á. Samfara því hefur mikilvægi lífeyrissjóða sem fagfjárfesta vaxið og eiga sjóðirnir í auknum mæli viðskipti við banka og verðbréfafyrirtæki, innlend jafnt sem erlend, í tengslum við eignastýringu sjóðanna. Fjölbreytni fjármálagerna í þeim viðskiptum hefur aukist mjög í takt við aukin umsvif sjóðanna. Nemendur munu kynnst þeim reglum sem gilda við mótun fjárfestingastefnu lífeyrissjóða, túlkun fjárfestingaheimilda þeirra, fyrirkomulag innra eftirlits og jafnframt skoða hlutverk og ábyrgð stjórnenda sjóðanna. Þá verður fjallað um reglur og kenningar um góða stjórnarhætti (Corporate Governance) og þær skoðaðar út frá sjónarhorni lífeyrissjóða. Fjallað verður um gildandi reglur um lífeyrissjóði í Evrópurétti sem og landsrétt einstakra landa. Stúdentar skoða þróun þessara reglna og spá í framtíðina, m.a. út frá hagsmunum og þörfum íslenskra útrásarfyrirtækja. Einnig verður farið yfir gildandi reglur um skattalega meðferð iðgjalda til lífeyrissjóða og skattlagningu lífeyrisréttinda samkvæmt innlendri löggjöf og reglum Evrópuréttar. Lífeyrisréttindi skipa sífellt mikilvægari sess við mat á heildartryggingarþörf einstaklinga. Þar þarf m.a. að líta til tryggingaréttinda sem felast í elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri, samsetningu þessara réttinda í samtryggingu og séreign og mismunandi útfærslu á greiðslu iðgjalda. Á námskeiðinu gefst nemendum færi á að skoða ákvæði laga og kjarasamninga um lífeyrisréttindi einstaklinga út frá sjónarhorni launamanna og launagreiðenda. Loks verður farið yfir sjónarmið varðandi eðli lífeyrisréttinda og þá vernd sem þau njóta í stjórnskipunarrétti. Hvað verðbréfa- og fjárfestingasjóði varðar þá verða nemendum kynntar efnisreglur laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði. Stúdentar munu greina muninn á þessum sjóðum, skoða ákvæði um neytendavernd (vernd fjárfesta), sérreglur um rekstrarfyrirkomulag sjóðanna og fjárfestingareglur þeirra. Skoðaðir verða helstu kostir þessara sjóða, annmarkar þeirra og með hvaða hætti þeir eru helst nýttir í viðskiptum.

**Lesefni:** Tilkynt síðar

**Kennsluáðferðir:** Fyrirlestrar, verkefni og umræðutímar

**Námsmat:** 70% skriflegt próf og 30% verkefni.

**Tungumál:** Íslenska

### **L-707-GASO Gagnaöflun og máflutningur í einkamálum**

3 ein./6 ECTS

- Sjá lýsingu undir haustönn 2008

### **L-828-MHSA Hagnýtur samningaréttur**

3 ein./6 ECTS

A/E

- Sjá lýsingu undir vorönn 2009

### **L-725-HEIL Heilbrigðisréttur**

3 ein./6 ECTS

Ár: 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2010

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennari:** Dögg Pálsdóttir

**Námsmarkmið:**

Stefnt er að því að nemendur fái yfirsýn yfir íslenskt heilbrigðiskerfi og réttarstöðu sjúklinga og kynnist þeim lagagrundvelli sem heilbrigðiskerfið byggir á.

**Lýsing:** Læknavísindum fleygir fram. Heilbrigðiskerfið verður sífellt flóknara. Nýjar lækningaaðferðir og meðferðir vekja upp siðfræðilegar spurningar. Á löggjafinn að bregðast við þessari þróun og þá hvernig? 76. gr. stjórnarskrárinnar segir að öllum sem þess þurfa skuli tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika. Hvað felst í því? Í 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 segir að allir landsmenn skuli eiga kost á fullkornustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði. Hvað þýðir það? Hvernig er borgað fyrir þetta? Heilbrigðiskerfið er fyrir sjúklingana en ekki þá sem þar vinna. Engu að síður hefur þótt nauðsynlegt að setja lög um réttindi sjúklinga þar sem þeir eru sérstaklega verndaðir í samskiptum sínum við þetta kerfi. Af hverju er þörf á því? Heilbrigðiskerfið og löggjöfin, sem það hvílir á, snertir hvern og einn. Í námskeiðinu verður farið almennt yfir heilbrigðiskerfið og einstaka þætti þess. Fjallað verður um uppbyggingu kerfisins eins og hún birtist í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Farið verður yfir helstu hugmyndir um rétt til heilbrigðisþjónustu. Farið verður yfir helstu réttarreglur sem gilda um löggiltar heilbrigðisstéttir, réttindi þeirra og skyldur og eftirlit

með starfsemi þeirra. Sérstök áhersla verður lögð á réttindi sjúklinga, sbr. lög um það efni nr. 74/1997. Fjallað verður um upplýst samþykki fyrir lækniaðgerð, þagnarskyldu og aðgang að sjúkraskrá. Ítarlega verður fjallað um réttarstöðu sjúklinga sem telja að eitthvað hafi farið úrskeiðis í lækni meðferð og hvaða úrræði þeir eiga, bæði kæruúr-ræði og bótaúr-ræði, sbr. m.a. lög um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Vikið verður að annarri löggjöf á heilbrigðissviði, s.s. löggjöf um fóstureyðingar, tækniþróun, lífs-ýnasöfn og gagnagrunn á heilbrigðissviði, ákvörðun dauða og brottám líffæra.

**Lesefni:** Tilkynt síðar

**Kennsluáðferðir:** Kennsla fer m.a. fram í fyrirlestra- og umræðuformi. Gengið er út frá því að nemendur taki virkan þátt í kennslustundum, fjalla um dóma og fást við önnur fræðileg úrlausnarefni.

**Námsmat:** Tvö skilaverkefni, sem vinna má í hóp, gilda 25% hvort, samtals 50% í lokaeinkunn. Í hverjum hópi mega þó ekki vera fleiri en þrír. Lokaritgerð gildir 50%. Þá verður frammistaða nemenda í tímum metin sérstaklega og getur leitt til hækkunar á lokaeinkunn.

**Tungumál:** Íslenska

## L- Íslensk stjórnmál

3 ein./6 ECTS

- Sjá lýsingu undir vorönn 2009

## L-726-KAUP Kaup á fyrirtækjum/samruni - áreiðanleikakannanir

3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2010

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Umsjón:** Aðalsteinn E. Jónasson

**Kennarar:** Ólafur Finnboði Haraldsson, Garðar Guðmundur Gíslason, Kristín Edwald

**Námsmarkmið:** Stefnt er að því að nemendur:

- kynnist þeim réttarreglum sem reynir á við kaup á fyrirtækjum og samruna
- hafi góða yfirsýn yfir framkvæmd samruna og kaupa á fyrirtækjum
- þjálfist í skjalagerð og úrlausn álitaefna sem upp kunna að koma í viðskiptum af þessum toga.

**Lýsing:** Gefin verður yfirsýn yfir þær réttarreglur sem koma til skoðunar við gerð samninga um kaup á fyrirtækjum. Farið verður ítarlega í helstu samningsákvæði sem almennt eru notuð í slíkum samningum. Nemendur verða þjálfaðir í samningsgerð.

Þá verður farið ítarlega í reglur um áreiðanleikakannanir og nemendum kynnt hvernig staðið er að gerð áreiðanleikakannana. Megináhersla verður lögð á lögfræðilegar áreiðanleikakannanir.

**Lesefni:** Kob og Salg af Virksomheder. Johannes Egholm Hansen og Christian Lundgren.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og umræðutímar.

**Námsmat:** 70% munnlegt próf og 30% verkefni.

**Tungumál:** Íslenska

## **L-727-MAVI Mannréttindi í viðskiptum**

3 ein./6 ECTS

A/E

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2010

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn, að hluta til í lotu

**Kennarar:** Páll Ásgeir Davíðsson, Ursula Wynhoven

**Námsmarkmið:**

Stefnt er að því að nemendur öðlist skilning á samspili mannréttinda og viðskipta í nútíma viðskiptaumhverfi og þekkingu á mannréttindareglum tengdum viðskiptum og stofnunum sem starfa á því sviði.

**Lýsing:** Í námskeiðinu verða tengsl viðskipta og mannréttinda skýrð í ljósi aukinnar hnattvæðingar. Í fyrri hlutanum verður farið yfir helstu kenningar um hlutverk fyrirtækja og tilgang mannréttinda og skýrt hvernig aukið samspil þessara tveggja heima hefur áhrif á hag einstaklinga og viðskiptaaðila. Í því ljósi verður fjallað um tilvik þar sem fyrirtæki hafa tekið á sig félagslega ábyrgð eða verið ásökuð um mannréttindabrot, s.s. vegna markaðssetningar, bágra aðstæðna á vinnustað, starfsemi á átakasvæðum eða jafnvel tengsla við hryðjuverkahópa. Í seinni hluta námskeiðsins verður farið yfir helstu reglur og staðla sem tengjast félagslega ábyrgum viðskiptaháttum og þær alþjóðastofnanir og samtök sem starfa á þessu sviði kynntar. Skoðað verður með gagnrýnum hætti hvernig m.a. fyrirtæki og alþjóðastofnanir hafa leitast við að tryggja virðingu við mannréttindi hjá viðskiptaaðilum. Þá verður tekið fyrir hvernig mannréttindi og auknar kröfur um félagslega ábyrgð hafa haft áhrif á stefnumörkun fyrirtækja.

**Lesefni:** Aðalkennslubók er „Lawrence and Weber, Business & Society, 12th edition“. Auk þess verða notaðir kaflar úr öðrum bókum, greinar úr ýmsum tímaritum og efni frá alþjóðastofnunum og frjálsum félagasamtökum.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, umræður í tímum og verkefnavinna.

**Námsmat:** Þátttaka í tímum (20%), stutt verkefni um miðja önn (30%) og ritgerð í lok námskeiðs (50%).

**Tungumál:** Íslenska og enska

**L-728-MAST Málstofa í stjórnsýslurétti**

3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár**Önn:** Vorönn 2010**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið**Undanfarar:** Engir**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn**Kennarar:** Margrét V Kristjánsdóttir, Sesselja Erla Árnadóttir, Særún María Gunnarsdóttir**Námsmarkmið:**

Stefnt er að því að nemendur kynnist starfsumhverfi sveitarfélaga, réttarstöðu opinberra starfsmanna og reglum um meðferð persónuupplýsinga.

**Lýsing:** Málstofunni verður skipt í 3 hluta. Fyrsti hluti málstofunnar er um stjórnsýslu sveitarfélaga. Í öðrum hluta verður fjallað um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þriðji hlutinn snýr að opinberum starfsmannarétti. Í hverjum þætti málstofunnar verður fjallað um undirstöðureglur og tiltekin álitæfni.

**Lesefni:** Tilkynt síðar**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar og umræður.

**Námsmat:** Verkefni/ritgerðir og frammistaða í tímum. Gert er ráð fyrir að námsmat fari fram í hverjum hluta málstofunnar áður en sá næsti hefst. Fyrirkomulag verkefna og vægi tilkynt síðar.

**Tungumál:** Íslenska**L-729-MAAU Málstofa um auðlindarétt**

3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár**Önn:** Vorönn 2010**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið**Undanfarar:** Engir**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn**Umsjón:** Margrét V Kristjánsdóttir**Kennarar:** NN**Námsmarkmið:**

Markmið málstofunnar er að efla þekkingu nemenda á réttarreglum sem gilda um nýtingu auðlinda á landi, í jörðu og í sjó. Fjallað er um ýmis lagalegu álitæfni sem upp geta komið í því sambandi, t.d. út frá eignarréttarlegum, umhverfisréttarlegum sjónarmiðum eða að því er lýtur að stjórnsýslufrákvæmd. Þá verður veitt innsýn í alþjóðlegt lagaumhverfi á þessu sviði.

**Lýsing:** Áherslur geta verið mismunandi á milli ára. Á vorönn 2008 skiptist málstofan í þrjá meginhluta. Fyrsti hluti var almenn umfjöllun um viðfangsefni auðlindarétt-

ar. Annar hluti varðaði íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið. Í þriðja hluta var fjallað um orkurétt, þ.e. nýtingu vatnsafls og jarðhita til raforkuframleiðslu. Framangreind viðfangsefni varða m.a. auðlindalög nr. 57/1998, lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis nr. 13/2001, lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, raforkulög nr. 65/2003, vatnalög nr. 15/1923, náttúruverndarlög nr. 44/1999, og lög 38/1990 um stjórn fiskveiða. Lögð er áhersla á að fá gestafyrirlesara með sérþekkingu á einstökum sviðum. Áherslur vorannar 2010 verða tilkynntar síðar.

**Lesefni:** Tilkynnt síðar

**Kennsluáðferðir:** Fyrirlestrar og umræðutímar.

**Námsmat:** Verkefni og frammistaða í tímum. Fyrirkomulag og vægi einstakra námsmatsþátta tilkynnt síðar.

**Tungumál:** Íslenska

## **L-733-MSES Málstofa um evrópskan samningarétt** 1 ein./2 ECTS

A/E

- Sjá lýsingu undir vorönn 2009

## **L-730-RETT Réttarsaga**

3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2010

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennarar:** Guðni Thorlacius Jóhannesson. Ragnhildur Helgadóttir

**Námsmarkmið:**

Lög er hægt að hugsa út frá mörgum sjónarhornum, m.a. fræðilegu (teoretísku), út frá samanburði og sögulegu. Stefnir er að því að nemendur:

- kynnist þessari síðastnefndu nálgun, hvenær hún er gagnleg og hvernig er unnið með hana á vandaðan hátt,
- fái grófa yfirsýn yfir þróun hugmynda um réttarheimildir og yfir stjórnskipunarsöguna en þetta eru þau efni sem hefur langmest verið horft til í íslenskrí réttarsögu,
- setji íslenska réttarsögu að þessu leyti í samhengi við evrópska réttarsögu.
- Skrifi ritgerð um sjálfvalið réttarsögulegt efni og beiti þá þessari þekkingu og lesi sér til um viðkomandi efni.

**Lýsing:** Til að ná fyrsta markmiðinu, um að nemandur kynnist sögulegri nálgun og því hvernig unnið sé með hana á vandaðan hátt, verður í fyrsta lagi lesið nokkuð

og rætt um réttarsögu sem fræðigrein og hlutverk hennar. Sömuleiðis snýr umfjöllun um einstök efni og ritgerðaskrifin að verulegu leyti að því að þjálfa fólk í beitingu og vinnu með þessa nálgun. Til að ná næstu tveimur markmiðum - um yfirsýn yfir þróun hugmynda um réttarheimildir og stjórnskipun og svo um sambengi við evrópska réttarsögu - verður fjallað í stökum málstofum um sögu og réttarheimildi þjóðveldisins, þróun stjórnskipunarinnar og sjálfstæðishugmynda 1850-1944 og, að þessu sinni, valda kafla úr réttarsögu 20. aldar: Hafrétt, endurskoðun stjórnarskrár og almannatryggingar. Loks verður ein málstofa helguð ritgerðarefnum nema, sem hafa reynst fjölbreytt og skemmtileg. Til að ritgerðarvinna nema nýtist þeim sem best sem æfing og beiting þessarar nálgunar er boðið upp á verulega aðstoð við ritgerðaskrifin. Eins og fram kemur í kennsluáætlun verður námskeiðið því samsett úr málstofum um einstök efni, 1 hálf dagsferð þar sem nokkur efni tengjast saman og tveimur fundum hvers nema með kennurum vegna ritgerða.

**Lesefni:** Réttarsöguþættir eftir Sigurð Líndal, valdar greinar og bækur.

**Kennsluáðferðir:** Fyrirlestrar og umræðutímar

**Námsmat:** Námsmat skiptist í þrennt: 60% ritgerð. 20% framsögu. 20% þátttöku í umræðum í tímum. Nánar um hvern þátt: Ritgerðir verða um sjálfvalið efni, en kennarar þurfa að samþykkja þau. Í fyrstu kennsluviku munum við setja inn á netið lista yfir ritgerðarefni sem okkur hefur dottið í hug, en við hvetjum nema til að finna sér efni eftir eigin höfði. Ritgerðin á að vera u.þ.b. 5000 orð. Skiladagur ritgerða verður 30. apríl 2008. Nemar mega skila inn einu uppkasti til kennara og geta fengið athugasemdir á það en það er ekki skylda að skila því. Sé það gert þarf hins vegar að ætla kennurum viku til að gera athugasemdir. Framsögur um efni ritgerða verða fluttar 27. febrúar. Hver nemi fær hálf tíma til umræða og gert er ráð fyrir að framsagan sé um 20 mínútur. Þá á að kynna efni ritgerðanna. Hugmyndin er að ritgerðinar eigi að vera nógu langt komnar til að hægt sé að kynna efni þeirra, efnistöð og helstu niðurstöður. Umræður í tímum vega 20%. Einkunn úr námskeiðinu þarf samtals að ná 6.

**Tungumál:** Íslenska

## L-736-FPSY Réttarsálfræði

3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2010

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** Kennt verður í fjórum 3-4 kennslustunda lotum.

**Kennarar:** Gísli H. Guðjónsson, Jón F. Sigurðsson

**Gestakennari:** Anna Kristín Newton

**Námsmarkmið:** Að námskeiðinu loknu er stefnt að því að nemar hafi þekkingu á því hvað réttarsálfræði er og hvernig sálfræðingar vinna innan réttarvörslukerfisins, bæði

hérlandis og erlendis, og að þeir hafi kynnst helstu rannsóknnum og rannsóknaraðferðum innan réttarsálfræðinnar, m.a. á áreiðanleika vitna, framburði sjónarvotta og játningum við yfirheyrslur hjá lögreglu.

**Lýsing:** Námskeiðið fjallar um réttarsálfræði og viðfangsefni hennar, hlutverk réttarsálfræðinga og störf þeirra innan réttarvörslukerfisins, bæði á Íslandi og erlendis. Fjallað verður um áreiðanleika vitna, bæði niðurstöður rannsókna á áreiðanleika og klínískt mat fyrir réttarvörslukerfið, framburð sjónarvotta og játningar við yfirheyrslu hjá lögreglu. Tekin verða dæmi af íslenskum og erlendum (breskum, bandarískum, kanadískum, norskum og ísraelskum) dómsmálum.

**Lesefni:** Lesefni úr eftirtöldum bókum/grein:

Gudjonsson, G .H. and Haward, L. R. C. (1998). Forensic Psychology: A Guide to Practice. London: Routledge.

Gudjonsson, G. H. (2003). The Psychology of Interrogations and Confessions. A Handbook. Chichester: John Wiley & Sons.

Gudjonsson, G. H. (2006). Disputed Confessions and Miscarriages of Justice in Britain: Expert Psychological and Psychiatric Evidence in Court. The Manitoba Law Journal.

Heaton-Armstrong, A., Shepherd, E., Gudjonsson, G., and Wolchover, D. (2006) Witness Testimony. Psychological, Investigative and Evidential Perspectives. Oxford. Oxford University press.

Jón Friðrik Sigurðsson. Kafli um geðheilbrigðisþjónustu við fanga á Íslandi í bókinni Mentally Disordered Persons in European Prison Systems - Needs, Programmes and Outcome (EUPRIS), sem kemur út á þessu ári.

**Kennsluáðferðir:** Fyrirlestrar, verkefnavinna og umræðutímar

**Námsmat:** Mæting og virkni í tímum 10%. 1. Verkefni: Greining á framlagi sálfræðinga og geðlækna í dómsmálum 30%. 2. Verkefni: Umfjöllun um valið efni í tíma 20%. 3. Verkefni: Umfjöllun um valin dómsmál í tíma 10%. Þekkingarpróf, krossapróf, í lok misseris í klukkutíma 30%.

**Tungumál:** Íslenska

## L-731-VEUT Verktaka- og útboðsréttur

3 ein./6 ECTS

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2010

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennarar:** Erlendur Gíslason, Othar Örn Petersen

**Námsmarkmið:**

Stefnt er að því að nemendur:

- kynnist meginneiknum og meginreglum verksamninga, útboða, verktaka- og



útboðsréttar, þar á meðal reglum um skipan opinberra innkaupa.

- geri sér grein fyrir sérstöðu verksamninga innan samninga- og kröfuréttar og hvernig þeir skilja sig frá öðrum samningum, þ.á m. vinnusamningum og kaupsamningum um fasteignir og önnur mannvirki.
- kunni skil á tengslum og samspiли verksamninga og samninga um fjármögnun framkvæmda.
- kunni skil á helstu skyldum aðila að verksamningum, réttaráhrifum vanefnda á samningsskyldum, úrræðum samningsaðila vegna vanefnda og hvernig úrlausn ágreiningsefna er háttáð í verksamningum.
- kynnist hlutverki tæknilegra sérfræðinga í verklegum framkvæmdum, svo sem verkfræðinga og arkitekta, einkenni ráðgjafasamninga, ábyrgð sérfræðinga og tengd efni.

**Lýsing:** Helstu efnispættir námskeiðsins verða sem segir hér að neðan. Um hvert efni getur verið að ræða hvort heldur fyrirlestur, umræðutími eða verkefnaskil og verður nánar tilkynnt um það síðar. 1. Almennur inngangur. Kynning á greininni og helstu heimildum, þ.e. réttarheimildum, fræðiritum og verksamningastöðlum, svo sem ÍST-30. Hugtökin ‘verksamningur’, ‘útboð’ og skyld atriði. 2. Gerð verksamninga – útboð. Lög um útboð og opinber innkaup. Fjármögnun framkvæmda. 3. Túlkun verksamninga. ‘Aukaverk’ og breytingar á verki. 4. Helstu skyldur verktaka og verkkaupa. Gagnkvæmar skyldur aðila. 5. Áhættuskipti milli samningsaðila. 6. Bótaábyrgð gagnvart þriðja manni. Umboð og ábyrgð tækniráðgjafa. 7. Almenn um vanefndir verksamninga og um réttaráhrif þeirra. 8. Skiladráttur á verki og afleiðingar hans. 9. Gallar á verki og réttaráhrif þeirra. 10. Brottfall vanefndaheimilda verkkaupa. Greiðsludráttur á verkkaupi. 11. Lausn ágreiningsmála í verktaka- og útboðsmálum.

**Lesefni:** Kennslubók: ‘Verksamningar – Meginreglur íslensks verktakaréttar’ eftir Pál Sigurðsson (Rvík 1991).

Viðbótarkröfur verktaka í verksamningum eftir Jóhannes Karl Sveinsson (Rvík 2005).

### Greinar:

- Páll Sigurðsson, Lagapættir III (Reykjavík 1994), bls. 359-371;
- Othar Örn Petersen. Nokkur orð um tafabætur í verksamningum, Úlfjótur, 3.-4. tbl. 1990;
- Þorvaldur Jóhannesson, hdl., Um tafabætur, Lögmannablaðið, 4. tbl., september 1996.
- Erlendur Gíslason, Hlutverk og ábyrgð byggingarstjóra, Tímarit Lögréttu, 1. hefti, 2. árg.
- Annað lesefni m.a.:
- Lög um framkvæmd útboða nr. 65/1993 (ásamt greinargerð);
- Lög um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001 (ásamt greinargerð);
- Lög um opinber innkaup nr. 84/2007 (ásamt greinargerð)
- Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir – Íslenskur staðall (ÍST) 30.
- Allmargir dómar (þ.á m. gerðardómar), sjá nánar sérstakar skrár þar um, sem

lagðar verða fram í kennslustundum.

- Kaflar úr erlendum lögfræðiritum, sem kynnt verður síðar.

**Kennsluáferðir:** Kennslan fer einkum fram með fyrirlestrum kennara en jafnframt verða umræðutímar um valin efni og verkefni, ýmist unnin í hópum eða einstakling-sverkefni. Kennarar treysta sér ekki til að lesa lesefnið fyrir stúdenta í kennslustundum en þeir verða þrátt fyrir það að kunna skil á öllu lesefni, þ.á m. dómum, auk þess les-efnis sem kann að verða vísað til í kennslunni. Hluta af þeim dómum sem vitnað er til í skrám skulu nemendur kunna skil á til prófs. Nemendur reifa dóma þessa í kennslu og gerð er krafa um að þeir geti reifað dómanna á prófi. Á prófi getur reynt á efni, sem hefur verið til umræðu í kennslustundum. Sérfróður gestur (eða fleiri) fjallar um valið viðfangsefni. Stefnt er að því að nemendur, ásamt kennara, heimsæki valinn vinnustað verklegra framkvæmda undir leiðsögn fagmanna á staðnum.

**Námsmat:** Námsmat byggist á frammistöðu í munnlegu prófi (70%) og verkefnaskil-um (30%). Skipting milli þátta kann að breytast.

**Tungumál:** Íslenska

## **L-833-TRAL Vörumerkjaréttur**

3 ein./6 ECTS

A

**Ár:** 1. ár/ 2. ár

**Önn:** Vorönn 2010

**Stig námsgreinar:** Framhaldsnám, sérhæft námskeið

**Tegund námskeiðs:** Valnámskeið

**Undanfarar:** Engir

**Skipulag:** 30 kennslustundir/umræðutímar á önn

**Kennari:** Rán Tryggvadóttir

**Námsmarkmið:**

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist yfirsýn og skilning á meginreglum landsbundins vörumerkjaréttar og tengsl hans við alþjóðarétt þannig þeir sem hafi lokið því geti veitt ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga um meðferð vörumerkja, hvort sem er vegna viðskipta hérlendis eða vegna útflutnings og/eða starfsemi fyrirtækja á erlendri grund.

**Lýsing:** Notkun vörumerkja er grundvöllur þess að viðskiptavinir eigi þess kost að greina vöru eins framleiðanda frá vörum annarra. Mikilvægi vörumerkja í viðskiptum á öllum sviðum er því ómælt og oft aðalsöluverðmæti fyrirtækja. Á þessu námskeiði verður farið nákvæmlega í þær reglur sem gilda um stofnun og viðhald vörumerkja-réttar, hvaða merki geta fengist skráð sem vörumerki, framsalsreglur og réttarvernd vörumerkja. Umfjöllunin byggir á íslenskum vörumerkjalögum sem unnin eru í norrænni samvinnu og eru jafnframt í samræmi við regluverk Evrópusambandsins á þessu sviði. Farið verður yfir tengsl vörumerkjaréttar við alþjóðlegan vörumerkjarétt og möguleika á alþjóðlegum skráningarleiðum vörumerkja.

**Lesefni:** Tilkynt síðar

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, umræðutímar og verkefnavinna.

**Námsmat:** 50% verkefni og 50% lokapróf. Verkefnaþátturinn skiptist í 10% raunhæf verkefni sem verða unnin í hópvinnu í tímum og 40% einstaklingsritgerð. Einstaklingsritgerðin skal vera um 3000 orð (8-12 bls.). Lokapróf verður munnlegt.

**Tungumál:** Íslenska

## **L-732-WICA Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot (II)**

3 ein./6 ECTS

A

- Sjá lýsingu undir vorönn 2009

## **L-899 ML15 ML-ritgerð**

15 ein. [ECTS:30]

Allir nemendur í framhaldsnámi (ML) við lagadeild HR skulu skrifa a.m.k. 15 eininga meistararitgerð. Hún skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Fjalla um lögfræðilegt viðfangsefni eða viðfangsefni sem tekur til lögfræðilegra álítaefna auk álítaefna á öðrum fræðasviðum.
- Fela í sér fræðilega notkun frumheimilda og afleiddra heimilda eftir því sem viðfangsefni ritgerðarinnar gefur tilefni til.
- Uppfylla þau markmið sem nemandinn hefur sett sér áður en vinnan hófst og leiðbeinandi hefur fallist á. Markmiðin skulu koma skýrt fram í inngangi ritgerðarinnar.
- Efnistökin skulu vera með þeim hætti að ljóst sé að ekki liggi færri en 600 vinnustundir að baki ritgerðinni.
- Lengd ritgerðarinnar skal vera á bilinu 60 – 80 blaðsíður. Settar verði nánari reglur um lengd og frágang ritgerðanna.

Leiðbeinandi leggur mat á ritgerð nemanda. Séu leiðbeinendur fleiri en einn, leggja þeir sameiginlega mat á ritgerðina. Einkunn skal gefin fyrir ritgerðina með sama hætti og fyrir námskeið við lagadeild. Lagadeild skal samræma kröfur leiðbeinenda til meistararitgerða

## **L-899 ML30 ML-ritgerð**

30 ein. [ECTS:60]

Nemandi í meistaranámi sem fengið hefur til þess samþykki umsónarkennara, getur sótt um til Námspróunarráðs að skrifa 30 eininga meistararitgerð í stað 15 eininga ritgerðar. Hún skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Fjalla um lögfræðilegt viðfangsefni eða viðfangsefni sem tekur til lögfræðilegra álítaefna auk álítaefna á öðrum fræðasviðum.
- Vera hugverk höfundar og fela í sér markvert og sjálfstætt framlag til þess eða þeirra sviða sem hún fjallar um.

- Fela í sér prófun á tilgátu sem nemandinn hefur sett fram um svar við rannsóknarspurningu sem er útgangspunktur ritgerðarinnar.
- Frumheimildir og afleiddar heimildir skulu notaðar til að styrkja eða hrekja tilgátu nemandans um svar við rannsóknarspurningu sinni.
- Efnistöð skulu vera með þeim hætti að ljóst sé að ekki liggi færri en 1200 vinnustundir að baki ritgerðinni.
- Lengd ritgerðarinnar skal vera á bilinu 120 – 160 blaðsíður. Settar verða nánari reglur um lengd og frágang ritgerðanna.

Hafi Námsþróunarráð fallist á umsókn nemanda um að skrifa 30 eininga meistara-ritgerð, tilnefnið deildarforseti sérstaka nefnd er samanstandur af leiðbeinanda nemandans og tveimur sérfróðum mönnum á því fræðasviði sem ritgerðinni er ætlað að fjalla um. Skal meirihluti nefndarmanna hafa lokið meistaraþrófi, sambærilegu námi eða æðri háskólagráðu. Skal nefndin leggja mat á ritgerð nemandans og auk þess prófa hann munnlega úr efni ritgerðarinnar í opinni málstofu. Einkunn skal gefin fyrir ritgerðina með sama hætti og fyrir námskeið við lagadeild.

Ritgerð nemanda verður ekki metin til einkunnar og námseininga fyrr en hann hefur lokið a.m.k. 30 einingum í meistaranámi með öðrum hætti.

**Verklagsreglur um meistara-ritgerðir er að finna á heimasíðu lagadeildar**  
<http://ru.is/lagadeild>

## **Starfsnám, sbr. 13. gr. reglna um meistaranám við lagadeild Háskólans í Reykjavík allt að 6 einingar/12 ECTS.**

Deildin skipuleggur starfsnám í samvinnu við stofnanir eða fyrirtæki.

Nemanda er heimilt að leysa af hendi með viðurkenndu starfsnámi allt að 6 einingar/12 ECTS í meistaranámi. Miða skal við að ein eining jafngildi einni vinnuviku (40 klst), þar sem nemandi vinnur að lögfræðilegu verkefni sem er sannanlega til þess fallið að auka þekkingu hans í lögfræði og hæfni til að vinna að úrlausn lögfræðilegra verkefna.

Einingafjöldi fyrir starfsnám skal ákveðinn hverju sinni af Námsþróunarráði og viðkomandi fyrirtæki eða stofnun. Skal einingafjöldi liggja fyrir áður en starfsnám hefst. Námsþróunarráð getur endurskoðað upphaflegt mat sitt á fjölda námseininga ef raunverulegt umfang verkefnisins gefur tilefni til þess. Heildareiningafjöldi vegna starfsnáms skal þó ekki fara yfir 6 einingar.

Deildin skal leitast við að tryggja nemendum sem óska þess að ljúka einingum í starfsnámi námsvist hjá viðeigandi stofnun eða fyrirtæki. Deildin er ekki skyldug til að verða við óskum nemenda í þessu efni enda ræðst framboð á starfsnámi af þörfum og óskum samstarfsaðila deildarinnar. Ef fleiri nemendur óska eftir að ljúka einingum með starfsnámi en unnt er að koma að í starfsnámi, tekur Námsþróunarráð ákvörðun um það hvaða nemendum skuli gefinn kostur á starfsnámi og hvar. Námsþróunarráð setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Námsþróunarráð skal hlutast til um að gerðir verði samstarfssamningar við þau fyrirtæki eða stofnanir sem til greina koma í þessu sambandi. Í tengslum við gerð slíkra samninga skal Námsþróunarráð tilnefna umsjónarkennara þeirra nemenda sem stunda starfsnám á grundvelli hvers samnings og samstarfsaðili tilnefna umsjónarmann með störfum nemanda innan stofnunarinnar eða fyrirtækisins.

Að jafnaði skal gert ráð fyrir því að nemandi ljúki starfsnámi með því að skila skýrslu eða ritgerð um starfsnámið eða eftir atvikum með því að flytja fyrirlestur um störf sín.

Umsjónarkennari skal hafa eftirlit með framvindu nemenda og fara yfir lokaskýrslu eða verkefni eða eftir atvikum meta frammistöðu nemanda við fyrirlestrahald. Umsjónarmaður nemanda hjá því fyrirtæki eða stofnun sem nemandi starfar hjá í starfsnámi metur frammistöðu nemanda ásamt umsjónarkennara og saman votta þeir að nemandi hafi lokið áætluðum námseiningum með fullnægjandi árangri.

Námsárangur nemanda vegna starfsnáms skal skráður í námsferilsskrá.

## **Nám við erlenda háskóla, sbr. 12. gr. reglna um meistaranám við lagadeild Háskólans í Reykjavík**

Í meistaranámi gefst nemendum kostur á að stunda hluta námsins erlendis m.a. á grundvelli nemendaskiptasamninga sem lagadeild HR er aðili að.

Lagadeild HR er aðili að **NORDPLUS** sem gerir nemendum kleift að sækja nám til eftirfarandi háskóla á Norðurlöndum skv. þeim reglum sem um slík nemendaskipti gilda á hverjum tíma:

### **Danmörk**

Københavns Universitet

Aarhus Universitet

**Finnland**

Åbo Universitet

Helsingfors Universitet

Lapplands Universitet

**Noregur**

Oslo Universitet

Tromsø Universitet

Universitet i Bergen

**Svíþjóð**

Lunds Universitet

Stockholms Universitet

Uppsala Universitet

Göteborgs Universitet

Umeå Universitet

Þá hefur lagadeild HR gert nemendaskiptasamninga við eftirtalda háskóla utan Norðurlanda:

**Austurríki**

Management Center of Innsbruck

Universität Salzburg

**Holland**

Universiteit Leiden

**Írland**

Griffith College

**Japan**

Kyushu University

**Kanada:**

University of Ottawa

**Rússland:**

Moscow State Law Academy

**S-Afríka**

University of Johannesburg

**Spánn**

ESADA Barcelona

Universidad Carlos III Madrid

# Reglur um meistaranám við lagadeild Háskólans í Reykjavík

## 1. gr.

Lagadeild Háskólans í Reykjavík veitir prófgráðuna: meistaraþróf í lögfræði (ML) að loknu 60 eininga framhaldsnámi á meistarastigi við deildina með fullnægjandi árangri.

## 2. gr.

Nemandi sem lokið hefur meistaraþrófi í lögfræði (ML) frá lagadeild Háskólans í Reykjavík og a.m.k. 120 einingum í lögfræðigreinum innan grunn- og meistaranáms í lögfræði, telst hafa lokið fullnaðarþrófi í lögfræði frá lagadeild Háskólans í Reykjavík í skilningi 4. tl. 1. mgr. 6 gr. 1. nr. 77/1998 um lögmennt. Er það próf jafngilt embættisþrófi í lögfræði í skilningi laga.

## 3. gr.

Í meistaranáminu skal nemandi ljúka að lágmarki 30 einingum í lögfræðigreinum, en heimilt verður að ljúka allt að 30 einingum í öðrum greinum á háskólastigi, sbr. nánar ákvæði 14. gr. Nemendur sem ekki hafa lokið BA prófi í lögfræði eða sambærilegu prófi og hlotið hafa inngöngu í meistaranám á grundvelli c-liðar 5. gr. reglna þessara, skulu þó ljúka að lágmarki 54 einingum í lögfræðigreinum. Námsgreinar í kennsluskrá lagadeildar Háskólans í Reykjavík skulu teljast lögfræðigreinar í framangreindum skilningi, nema deildarfundur ákveði annað. Námsþróunarráð úrskurðar um það hvort námskeið eða verkefni við aðrar deildir Háskólans í Reykjavík eða aðrar innlendar eða erlendar háskólastofnanir teljist til lögfræðigreina í framangreindum skilningi.

Öllum nemendum í meistaranámi er skylt að skrifa meistaraþrófsritgerð, 15 eða 30 eininga, sbr. nánar reglur um meistaraþrófsritgerðir í 15. gr.

Að öðru leyti ákveður nemandi sjálfur samsetningu meistaranáms síns, innan þeirra marka sem reglur þessar mæla fyrir um og þess framboðs náms sem deildin hverju sinni stendur ákveður.

## 4. gr.

Í tengslum við meistaranám í lögfræði við lagadeild Háskólans í Reykjavík skal námsþróunarráð fara með eftirfarandi verkefni:

- a. Gera tillögur um framboð á kjörgreinum og málstofum.
- b. Annast samningsgerð við stofnanir og fyrirtæki um starfsnám.
- c. Taka á mótí og fjalla um umsóknir um meistaranám.
- d. Fjalla um umsóknir um mat á námi frá öðrum háskólum.

- e. Semja nánari reglur sem varða framkvæmd námsins, svo sem um frágang ritgerða o.fl.
- f. Annast framkvæmd meistaránámsins, m.a. með tillögugerð til deildarforseta um ráðningu kennara og samstarfi við yfirmann kennslusviðs og aðra starfsmenn við gerð stundatöflu og próftöflu.
- g. Gera aðrar tillögur og taka aðrar ákvarðanir sem nauðsynlegar eru og sem mælt er fyrir um í reglum þessum.

Námsþróunarráð getur sett sér starfsreglur sem mæla nánar fyrir um framkvæmd liða a-g.

### 5. gr.

Umsækjandi um meistaránám við lagadeild Háskólans í Reykjavík skal hafa lokið BA- eða BS-prófi, eða sambærilegu prófi, frá viðurkenndum háskóla. Námsþróunarráð metur umsóknir og gerir tillögu til deildarforseta um hvaða nemendum skuli veitt innganga í meistaránám. Námsþróunarráð skal setja sér starfsreglur um framangreint mat.

(a) Umsækjendur sem lokið hafa BA-prófi frá lagadeild Háskólans í Reykjavík með meðaleinkunnina 6,0 eða hærrí og sem hafa að lágmarki meðaleinkunnina 6,0 úr námskeiðum og verkefnum þriðja námsárs, skulu eiga rétt til inngöngu í meistaránám (ML). Námsþróunarráð getur heimilað umsækjanda aðgang að meistaránámi ef hann hefur lokið a.m.k 84 einingum af grunnnáminu og uppfyllir að öðru leyti framangreind skilyrði. Nemendur sem hefja meistaránám án þess að hafa að fullu lokið grunnnámi, skulu ekki fá einingar fyrir námskeið og verkefni í meistaránámi fyrr en þeir hafa lokið BA-prófi í lögfræði með þeim lágmarkseinkunnum sem krafist er í fyrsta málslið eða sótt um og fengið inngöngu í meistaránám á grundvelli B-liðar þessarar greinar. Nemendur sem hefja meistaránám áður en BA prófi er lokið skulu ljúka grunnnáminu á fyrstu tveimur önnum meistaránáms. Ljúki nemandi ekki framangreindum einingum á tilskildum tíma fellur frekari réttur hans til meistaránáms niður þar til að grunnnámi er lokið

(b) Umsækjendur sem lokið hafa BA-prófi frá lagadeild Háskólans í Reykjavík en sem ekki uppfylla kröfur a-liðar um námsárangur og umsækjendur með BA-próf í lögfræði eða sambærilega námsgráðu frá öðrum háskólum, geta sótt um að stunda nám til meistaraþrófs (ML) við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Við mat á slíkum umsóknum skal Námsþróunarráð líta sérstaklega til samsetningar náms umsækjanda og námsárangurs í einstökum þáttum þess. Eigi meistaraþróf í lögfræði (ML) að leiða til fullnaðarþrófs í lögfræði í skilningi 4. tl. 1. mgr. 6 gr. l. nr. 77/1998 um lögmenn og vera jafngilt embættisprófi í lögfræði í skilningi laga, getur Námsþróunarráð sett almennar reglur og gert sérstakar kröfur umfram þær sem leiddar verða af reglum þessum um inntak meistaránáms og námsárangur. Geta þær kröfur m.a. falið í sér að nemenda verði gert að ljúka tilteknum námskeiðum eða verkefnum í grunnnámi deildarinnar án þess að



nýta megi þær einingar sem þannig er unnið til sem hluta af meistaranámi. Einnig geta viðbótarkröfur falið í sér að nemandi skuli ná betri námsárangri en almennar kröfur gera ráð fyrir í hluta meistaranáms eða náminu öllu. Deildarforseti ákveður gjaldtöku vegna viðbótarnámskeiða sem nemendum er gert að ljúka úr grunnnámi.

(c) Umsækjendur með BA- eða BS- gráðu í öðrum námsgreinum en lögfræði geta fengið inngöngu í meistaranám. Við mat á slíkum umsóknum skal Námsþróunarráð líta sérstaklega til samsetningar náms umsækjanda og námsárangurs í einstökum þáttum þess. Þá skal þeim umsækjendum gert skylt að ljúka námskeiði í aðferðafræði lögfræðinnar með meðaleinkunnina 6,0 eða hærrí sem hluta af meistaranámi. Námskeiðið skilar þó ekki námseiningum í meistaranámi. Meistarapróf í lögfræði (ML) leiðir ekki til fullnaðarprófs í lögfræði fyrir þessa umsækjendur í skilningi 4. tl. 1. mgr. 6 gr. 1. nr. 77/1998 um lögmenn og telst ekki sambærilegt embættisprófi í lögfræði í skilningi laga.

Deildarforseti ákveður að höfðu samráði við Námsþróunarráð fjölda þeirra nemenda sem fá inngöngu í meistaranám.

Meistaranám hefst að jafnaði að hausti. Umsóknarfrestur um inngöngu í meistaranám skal vera til 1. apríl vorið áður en nám hefst og skal svar við umsóknum, skilyrt eða óskilyrt, liggja fyrir eigi síðar en 1. maí.

## 6. gr.

Eftirtaldir námsþættir geta skilað nemendum námseiningum í meistaranámi við lagadeild Háskólans í Reykjavík: Kjörgreinar, sbr. 10. gr, málstofur, sbr. 11. gr.; nám erlendis m.a. á grundvelli nemendaskiptaáætlana sem deildin er aðili að, sbr. 12. gr.; starfsnám, sbr. 13. gr.; nám í öðrum greinum en lögfræði, sbr. 14. gr.; meistaraprófsritgerð, sbr. 15. gr.

Kjörgreinar úr grunnnámi við lagadeild Háskólans í Reykjavík geta skilað nemendum sem fengið hafa inngöngu í meistaranám á grundvelli a- eða b-liðar 5. gr. allt að 6 einingum í meistaranámi. Slíkir námsþættir eða sambærilegir námsþættir mega þó ekki hafa verið hluti af grunnnámi viðkomandi nemanda. Námsþróunarráð úrskurðar hvort námsþáttur úr grunnnámi sem nemandi hyggst nýta með þeim hætti sem fjallað er um í þessari málsgrein, teljist efnislega sambærilegur við námsþátt úr grunnnámi viðkomandi nemanda.

Nemendur sem fengið hafa inngöngu í meistaranám á grundvelli c-liðar 5. gr. er heimilt að fengnu samþykki Námsþróunarráðs að velja allt að tvær kjörgreinar úr grunnnámi við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Námsþróunarráð getur ákveðið að heimild þessi taki aðeins til hluta kjörgreina í grunnnámi. Til að standast próf í kjörgrein úr grunnnámi verður nemandi að hljóta minnst einkunnina 6,0.

### 7. gr.

Fyrir 15. janúar ár hvert skal Námsþróunarráð gera tillögur um framboð á kjörgreinum og málstofum fyrir næstu tvö skólaár. Skal Námsþróunarráð vinna tillögur sínar í samráði við kennara deildarinnar. Fyrir 1. febrúar ár hvert skal deildarforseti síðan ákveða þær kjörgreinar og málstofur sem í boði verða á tímabilinu, eftir að hafa leitað álits deildarfundar.

Við gerð tillagna sinna skal Námsþróunarráð við það miða að á hverri önn séu í boði eigi færri en 10 kjörgreinar og málstofur samanlagt. Skulu jafnframt liggja fyrir lýsingar á námskeiðum og málstofum og upplýsingar um umsjón og kennslu í þeim, námsmat og aðra tilhögun, að því marki sem mögulegt er. Við framboð kjörgreina og námskeiða skal taka tillit til þess að nemendum bjóðist hæfilegt úrval námskeiða á þeim sviðum lögfræðinnar sem mælt er fyrir um í 16. gr.

### 8. gr.

Nemandi sem fengið hefur inngöngu í meistaránám skal, fyrir 1. júní á því ári sem námið hefst, setja fram heildaráætlun um námið, velja sér kjörgreinar og málstofur og setja fram óskir um starfsnám. Val hans á námskeiðum og málstofum fyrir fyrra námsárið er bindandi. Námsþróunarráð getur heimilað nemanda að breyta skráningu í námskeið eða málstofur eftir greint tímamark ef ríkar ástæður eru fyrir hendi. Nemanda er heimilt að breyta vali á námskeiðum og málstofum á síðara námsári án samþykkis Námsþróunarráðs, allt til 1. júní á því ári sem síðara námsár hefst.

Í meistaránámsáætlun nemanda skulu einnig koma fram óskir hans um mat á námi sem hann hefur stundað annars staðar en við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Nemandi skal greina Námsþróunarráði frá ákvörðun sinni um efni meistararitgerðar og samþykki umsjónakennara fyrir 1. júní á því ári sem síðara námsár hefst. Frestur fyrir nema sem hefja meistaránám um áramót skal vera fyrir lok annarrar námsannar.

Nemandi skal leitast við að haga vali sínu á kjörgreinum, málstofum og öðrum námsþáttum þannig að vinna við 15 eininga meistaraprófsritgerð dreifist á allt síðara námsárið. Nemandi er að öðru leyti ábyrgur fyrir vali sínu og ákvörðunum um framvindu námsins. Sé um 30 eininga ritgerð að ræða skal miða við að vinna við ritgerð dreifist á síðustu þrjár annir námsins.

Meistaránám skal að lágmarki vera 2 ár. Nemandi skal ljúka meistaránámi eigi síðar en þremur árum eftir að það hófst, nema deildarfundur hafi veitt honum námsleyfi. Lengist þá framangreindur tímafrestur sem námsleyfinu nemur. Deildarfundur skal heimilt að veita nemanda sem ekki hefur fengið námsleyfi allt að eins árs viðbótarfrest til að ljúka námi sínu, standi sérstaklega á, og lengri frest í algerum undantekningartilvikum.

Til að standast próf í meistaránámi í lögfræði verður nemandi að hljóta minnst ein-

kunnina 6,0 í öllum námskeiðum og verkefnum samkvæmt 6. gr., samanber þó 11. gr. B, 12., 13., og 14. gr. Þetta gildir einnig eftir því sem við á um fyrra nám sem nemandi fær metið sem hluta af meistaranámi í lögfræði.

Lokaeinkunn til fullnaðarprófs í lögfræði í skilningi 2 gr. reglna þessara skal reiknuð sem vengið meðaltal einkunna úr einstökum námsgreinum í BA-námi og í meistaranámi.

### 9. gr.

Deildin er ekki bundin af því að bjóða upp á kennslu í kjörgrein eða málstofu ef skráðir nemendur eru færri en 10 við lok skráningarfrests. Deildinni er allt að einu heimilt að bjóða upp á kjörgreinar og málstofur sem færri nemendur hafa skráð sig í og tekur deildarforseti ákvörðun þar um að fenginni tillögu Námsþróunarráðs. Ákvarðanir um hámarksfjölda í málstofum, sbr. 11. gr, geta þó komið í veg fyrir að nemandi komist að í málstofu.

Fyrir 15. júní á því ári sem námið hefst skal liggja fyrir ákvörðun um hvaða kjörgreinar og málstofur skuli kenndar.

Ef sérstakir erfiðleikar eru á kennslu í kjörgrein eða málstofu vegna ófyrirséðra atvika getur deildarforseti ákveðið að viðkomandi grein skuli ekki kennd.

Almennt skal bjóða upp á kennslu í kjörgreinum eða málstofum annað hvert ár, þótt heimilt sé að bjóða upp á kennslu í einstökum námskeiðum á hverju ári, eða sjaldnar en annað hvert ár.

Í kjörgreinum og málstofum í meistaranámi skal við það miðað að 10 kennslustundir og/eða umræðutímar standi að baki hverri einingu. Þannig séu 30 kennslustundir/umræðutímar að baki þriggja eininga kjörgrein eða málstofu.

Kjörgreinar og málstofur eru í umsjón fastra kennara deildarinnar eftir ákvörðun deildarforseta. Heimilt er þó deildarforseta að fela stundakennurum umsjón kjörgreina eða málstofa ef fastir kennarar anna því ekki að hafa umsjón þeirra.

Heimilt er deildinni að bjóða upp á sumarnámskeið sem geti skilað nemendum einingum til meistaraþrófs samkvæmt nánari ákvörðun deildarforseta. Þá er deildinni heimilt að bjóða upp á styttri námskeið eða málstofur sem skilað geta nemendum einingum til meistaraþrófs, en sem ekki eru háð reglum þessarar greinar að öðru leyti. Tekur Námsþróunarráð ákvörðun um það hvort og hversu margar einingar skuli veittar fyrir slík námskeið eða málstofur. Heimilt er að innheimta sérstök gjöld vegna námskeiða samkvæmt þessari málsgrein.

### 10. gr.

Kjörgreinar felast í hefðbundnum námskeiðum, sem saman standa af almennum kennslustundum, umræðutímum og verkefnum eftir ákvörðun umsjónarkennara hverju sinni. Umsjónarkennari ákveður hvernig námsmati skuli háttað, m.a. hvort haldið skuli skriflegt eða munnlegt próf, og hvort námskeiði skuli að einhverju eða öllu leyti lokið með ritgerð, verkefni eða með því að mæla frammistöðu nemanda í umræðum o. fl. Um próf og aðra verkefnavinnu gilda almennar reglur.

Kjörgreinar skulu almennt veita 3 einingar. Deildarfundur getur að tillögu umsjónarkennara einstakra námskeiða eða málstofa og að fengnu samþykki Námsþróunarráðs, heimilað að kjörgreinar eða málstofur skuli veita 6 einingar.

### 11. gr.

Málstofur eru tvenns konar:

- A. Almennar málstofur þar sem fjallað er um skilgreind viðfangsefni lögfræðinnar en þar sem krafist er meiri þátttöku og frumkvæðis nemenda en í hefðbundnum námskeiðum. Fjöldi nemenda í slíkum málstofum skal almennt takmarkaður við 15 nemendur og velur umsjónarkennari nemendur til þátttöku í málstofu ef fjöldi umsækjenda er umfram 15. Kennslustundafjöldi skal vera sá sami og í hefðbundnum námskeiðum en fyrirkomulag málstofunnar að öðru leyti í höndum og á ábyrgð umsjónarkennara. Námsmat í málstofum af þessu tagi skal byggjast á verkefnavinnu en ekki hefðbundnum prófum. Þó er umsjónarkennara heimilt að prófa nemendur sérstaklega úr viðfangsefni verkefna sem þeir gera skil í málstofu.
- B. Málstofur tengdar rannsóknnum einstakra kennara sem skulu vera vettvangur fyrir þá til að kynna rannsóknir sínar, miðla niðurstöðum þeirra og kynna nemendum vinnubrögð við rannsóknir, auk þess sem nemendur skulu vera kennara til aðstoðar við einstaka þætti rannsókna ef því er að skipta. Með slíkum málstofum skal leitast við að tengja nám nemenda við rannsóknir kennara, m.a. á vettvangi rannsóknarstofnana Háskólans í Reykjavík.

Umsjónarkennara í þessum málstofum er heimilt að setja skilyrði um hámarksþátttöku í málstofu, auk þess sem honum skal heimilt, eftir því sem við á, að velja nemendur til þátttöku í málstofu ef fjöldi umsækjenda er að mati umsjónarkennara umfram æskilega hámarksþátttöku í málstofunni.

Umsjónarkennari ákveður fjölda kennslustunda í málstofum af þessu tagi, að fenginni staðfestingu Námsþróunarráðs. Getur hann ákveðið að eiginlegar kennslustundir skuli vera færri en leiðir af almennum reglum, en þess í stað byggt á vinnu nemenda og sjálfsnámi, auk kennslustunda, umræðutíma eða viðtalstíma við einstaka nemenda. Í lýsingu á málstofu skal liggja fyrir áætlun umsjónarkennara um vinnulag, fjölda

kennslustunda og umræðutíma og tímaáætlun vegna þeirra, að því marki sem gerlegt er. Fyrirkomulag námsmats er í höndum umsjónarkennara. Getur umsjónarkennari m.a. ákveðið að ekki skuli gefin einkunn fyrir þátttöku í málstofu, en þess í stað staðfest að tilskyldum námseiningum hafi verið lokið með fullnægjandi árangri.

### 12. gr.

Nemandi á rétt á að fá metið til allt að 30 námseininga í meistaranámi við lagadeild Háskólans í Reykjavík, háskólanám sem hann hefur stundað við erlenda háskóla á grundvelli þeirra nemendaskiptaáætlana sem deildin á aðild að.

Nemanda er heimilt að fá metið til allt að 30 eininga nám í lögfræði á meistarastigi frá viðurkenndum erlendum háskóla. Nemandi sem hyggst stunda nám í lögfræði erlendis samkvæmt þessari málsgrein skal leita samþykkis Námsþróunarráðs áður en námið hefst.

Nemandi getur þó að hámarki fengið metið til 30 eininga í meistaranámi við lagadeild Háskólans í Reykjavík laganám sem hann hefur stundað erlendis.

Námsþróunarráð metur hvort nám erlendis falli undir alþjóðasvið samanber 16. gr. Að ósk nemenda getur matið farið fram áður en nám hefst, enda leggi nemandi fram fullnægjandi gögn um inntak námsins.

Við mat á því hvort námsárangur nemanda erlendis hafi verið fullnægjandi skal miðað við kröfur þess háskóla sem nám var stundað við. Námsárangur nemanda vegna slíks náms skal skráður í námsferilsskrá hans sem fullnægjandi/ófullnægjandi, en einkunnir ekki gefnar í tölum, og reiknast því ekki inn í meðaleinkunn nemanda.

### 13. gr.

Deildin skipuleggur starfsnám í samvinnu við stofnanir eða fyrirtæki.

Heimilt er nemanda að leysa af hendi með viðurkenndu starfsnámi allt að 6 einingar í meistaranámi. Miða skal við að ein eining jafngildi einni vinnuviku ( 40 klst), þar sem nemandi vinnur að lögfræðilegu verkefni sem er sannanlega til þess fallið að auka þekkingu hans í lögfræði og hæfni til að vinna að úrlausn lögfræðilegra verkefna.

Einingafjöldi fyrir starfsnám skal ákveðinn hverju sinni af Námsþróunarráði og viðkomandi fyrirtæki eða stofnun. Skal einingafjöldi liggja fyrir áður en starfsnám hefst. Námsþróunarráð getur endurskoðað upphaflegt mat sitt á fjölda námseininga ef raunverulegt umfang verkefnisins gefur tilefni til þess. Heildareiningafjöldi vegna starfsnáms skal þó ekki fara yfir 6 einingar.

Deildin skal leitast við að tryggja nemendum sem óska þess að ljúka einingum í starfsnámi námsvist hjá viðeigandi stofnun eða fyrirtæki. Deildin er ekki skyldug til að

verða við óskum nemenda í þessu efni enda ræðst framboð á starfsnámi af þörfum og óskum samstarfsaðila deildarinnar. Ef fleiri nemendur óska eftir að ljúka einingum með starfsnámi en unnt er að koma að í starfsnámi, tekur Námsþróunarráð ákvörðun um það hvaða nemendum skuli gefinn kostur á starfsnámi og hvar. Námsþróunarráð setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Námsþróunarráð skal hlutast til um að gerðir verði samstarfssamningar við þau fyrirtæki eða stofnanir sem til greina koma í þessu sambandi. Í tengslum við gerð slíkra samninga skal Námsþróunarráð tilnefna umsjónarkennara þeirra nemenda sem stunda starfsnám á grundvelli hvers samnings og samstarfsaðili tilnefna umsjónarmann með störfum nemanda innan stofnunarinnar eða fyrirtækisins.

Að jafnaði skal gert ráð fyrir því að nemandi ljúki starfsnámi með því að skila skýrslu eða ritgerð um starfsnámið eða eftir atvikum með því að flytja fyrirlestur um störf sín.

Umsjónarkennari skal hafa eftirlit með framvindu nemenda og fara yfir lokaskýrslu eða verkefni eða eftir atvikum meta frammistöðu nemanda við fyrirlestrahald. Umsjónarmaður nemanda hjá því fyrirtæki eða stofnun sem nemandi starfar hjá í starfsnámi metur frammistöðu nemanda ásamt umsjónarkennara og saman votta þeir að nemandi hafi lokið áætluðum námseiningum með fullnægjandi árangri.

Námsárangur nemanda vegna starfsnáms skal skráður í námsferilsskrá hans sem fullnægjandi/ófullnægjandi, en einkunn ekki gefinn í tölum, og reiknast því ekki inn í meðaleinkunn nemanda.

Heimilt er Námsþróunarráði að leggja vinnu nemanda að sérstöku rannsóknarverkefni undir handleiðslu leiðbeinanda til jafns við starfsnám samkvæmt framangreindu.

Starfsnám og sérstök rannsóknarverkefni skv. framangreindu skulu verða ólaunuð.

#### **14. gr.**

Nemandi er heimilt að fá metnar allt að 30 einingar úr öðrum háskólagreinum en lögfræði á meistarastigi. Skilyrði er að nám hafi verið stundað við viðurkenndan háskóla innanlands eða erlendis.

Nemandi sem hyggst stunda nám í öðrum greinum en lögfræði skal að jafnaði leita samþykkis Námsþróunarráðs áður en námið hefst.

Hafi nemandi lokið námskeiðum á háskólastigi áður en hann hóf háskólanám í lögfræði sem hann hyggst fá metin sem hluta af meistaranámi í lögfræði skal hann sækja um það til Námsþróunarráðs áður en meistaranám hefst.

Námsárangur nemanda vegna þess náms sem þessi grein fjallar um skal skráður í námsferilsskrá hans sem fullnægjandi/ófullnægjandi, en einkunnir ekki gefnar í tölum, og reiknast því ekki inn í meðaleinkunn nemanda.

### 15. gr.

Nemandi skal skila ritgerð í lok 4. annar meistaranámsins sem vegur 15 eða 30 eininga. Námsþróunarráð setur nánari reglur um kröfur til ritgerða, lengd þeirra, tilvísanir í heimildir, skrár og frágang að öðru leyti.

Í þessum reglum skal miða við eftirfarandi:

#### 15 eininga ritgerð

Allir nemendur í framhaldsnámi (ML) við lagadeild HR skulu skrifa a.m.k. 15 eininga meistararitgerð. Hún skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Fjalla um lögfræðilegt viðfangsefni eða viðfangsefni sem tekur til lögfræðilegra álitaefna auk álitaefna á öðrum fræðasviðum.
- Fela í sér fræðilega notkun frumheimilda og afleiddra heimilda eftir því sem viðfangsefni ritgerðarinnar gefur tilefni til.
- Uppfylla þau markmið sem nemandinn hefur sett sér áður en vinnan hófst og leiðbeinandi hefur fallist á. Markmiðin skulu koma skýrt fram í inngangi ritgerðarinnar.
- Efnistökin skulu vera með þeim hætti að ljóst sé að ekki liggi færri en 600 vinnustundir að baki ritgerðinni.
- Lengd ritgerðarinnar skal vera á bilinu 60 – 80 blaðsíður. Settar verði nánari reglur um lengd og frágang ritgerðanna.

Leiðbeinandi leggur mat á ritgerð nemanda. Séu leiðbeinendur fleiri en einn, leggja þeir sameiginlega mat á ritgerðina. Einkunn skal gefin fyrir ritgerðina með sama hætti og fyrir námskeið við lagadeild. Lagadeild skal samræma kröfur leiðbeinenda til meistararitgerða

#### 30 eininga ritgerð

Nemandi í meistaranámi sem fengið hefur til þess samþykki umsjónarkennara, getur sótt um til Námsþróunarráðs að skrifa 30 eininga meistararitgerð í stað 15 eininga ritgerðar. Hún skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Fjalla um lögfræðilegt viðfangsefni eða viðfangsefni sem tekur til lögfræðilegra álitaefna auk álitaefna á öðrum fræðasviðum.
- Vera hugverk höfundar og fela í sér markvert og sjálfstætt framlag til þess eða þeirra sviða sem hún fjallar um.
- Fela í sér prófun á tilgátu sem nemandinn hefur sett fram um svar við rannsóknarspurningu sem er útgangspunktur ritgerðarinnar.

- Frumheimildir og afleiddar heimildir skulu notaðar til að styrkja eða hrekja tilgátu nemandans um svar við rannsóknarspurningu sinni.
- Efnistöð skulu vera með þeim hætti að ljóst sé að ekki liggi færri en 1200 vinnustundir að baki ritgerðinni.
- Lengd ritgerðarinnar skal vera á bilinu 120 – 160 blaðsíður. Settar verða nánari reglur um lengd og frágang ritgerðanna.

Hafi Námsþróunarráð fallist á umsókn nemanda um að skrifa 30 eininga meistararitgerð, tilnefnir deildarforseti sérstaka nefnd er samanstendur af leiðbeinanda nemandans og tveimur sérfróðum mönnum á því fræðasviði sem ritgerðinni er ætlað að fjalla um. Skal meirihluti nefndarmanna hafa lokið meistaraprófi, sambærilegu námi eða æðri háskólagráðu. Skal nefndin leggja mat á ritgerð nemandans og auk þess prófa hann munnlega úr efni ritgerðarinnar í opinni málstofu. Einkunn skal gefin fyrir ritgerðina með sama hætti og fyrir námskeið við lagadeild.

Ritgerð nemanda verður ekki metin til einkunnar og námseininga fyrr en hann hefur lokið a.m.k. 30 einingum í meistaránámi með öðrum hætti.

### **16. gr.**

Innan meistaránáms við Lagadeild Háskólans í Reykjavík skal lögð sérstök áhersla á að bjóða upp á námskeið á sviði alþjóðalaga og alþjóðaviðskipta, dómstóla og málflutnings og fjármunaréttar.

Þá er Lagadeild heimilt að auðkenna meistarapróf í lögfræði alþjóðasviði. Í þessu skyni skulu kjörgreinar og málstofur sem deildin býður upp á auðkennd því sviði eftir því sem við á. Að fenginni tillögu umsjónarkennara, tekur Námsþróunarráð ákvörðun um hvort kjörgrein eða málstofa skuli teljast til alþjóðasviðs.

Til þess að nemandi teljist hafa lokið námi af alþjóðasviði, skal hann ljúka a.m.k. 21 einingum með kjörgreinum eða málstofum sem auðkennd eru því sviði. Þá skal hann að auki skrifa meistaraprófsritgerð á alþjóðasviði. Starfsnám á alþjóðasviði getur komið í stað námskeiða eða málstofa á því sviði samkvæmt ákvörðun Námsþróunarráðs hverju sinni.

### **17. gr.**

Háskólaráð ákveður skólagjöld í meistaránámi.



## Nefndir og ráð

### Kennsluþróunarráð:

Rán Tryggvadóttir formaður  
Margrét Vala Kristjánsdóttir  
Steinn Jóhannsson

Hlutverk Kennsluþróunarráðs er stuðla að þróun og uppbyggingu kennsluhátta innan lagadeildar Háskólans í Reykjavík.

Helstu verkefni Kennsluþróunarráðs er að setja fram tillögur um:

1. Viðmiðanir um skipulag námskeiða við deildina
2. Viðmiðanir um góða kennsluhætti
3. Endurmenntun og þjálfun kennara í kennslufræðum
4. Viðmiðanir um námsefni
5. Viðmiðanir um námsmat

Stefna lagadeildar HR í kennslumálum og viðmið um kennsluhætti er birt á heimasíðu deildarinnar.

### Námsþróunarráð:

Sigurður Tómas Magnússon formaður  
Guðmundur Sigurðsson  
Þórdís Ingadóttir

Hlutverk Námsþróunarráðs er stuðla að þróun og uppbyggingu náms innan lagadeildar Háskólans í Reykjavík.

Helstu verkefni Námsþróunarráðs eru eftirfarandi:

- a. Að vinna að uppbyggingu og þróun grunn- og framhaldsnáms við deildina
- b. Að vinna að uppbyggingu og þróun nýrra námsbrauta og/eða námsleiða við deildina
- c. Endurskoða reglulega framgangs- og prófareglur deildarinnar
- d. Vinna að þróun kennslumats.

Í tengslum við meistaranámið fer Námsþróunarráð með eftirfarandi verkefni, sbr. 4. gr. reglna um meistaranámið:

- a. Gerir tillögur um framboð á kjörgreinum og málstofum.
- b. Annast samningsgerð við stofnanir og fyrirtæki um starfsnám.
- c. Tekur á móti og fjallar um umsóknir um meistaranám

- d. Fjallar um umsóknir um mat á námi frá öðrum háskólum
- e. Semur nánari reglur sem varða framkvæmd námsins, svo sem um frágang ritgerða o.fl.
- f. Annast framkvæmd meistaránámsins, m.a. með tillögugerð til deildarforseta um ráðningu.
- g. Gerir aðrar tillögur og tekur aðrar ákvarðanir sem nauðsynlegar eru og sem mælt er fyrir um í reglum um meistaránámið.

### **Rannsóknarráð:**

Oddný Mjöll Arnardóttir formaður  
Guðni Th. Jóhannesson  
Ragnhildur Helgadóttir

Hlutverk rannsóknarráðs er að stuðla að og efla rannsóknir innan lagadeildar Háskólans í Reykjavík í innlendu og alþjóðlegu samhengi.

Helstu verkefni rannsóknarráðs eru:

- a. Að vinna að stefnumótun rannsókna innan deildarinnar. Stefnumótun skal unnin í samráði við starfandi kennara deildarinnar og eftir atvikum aðra starfsmenn. Stefna skal mótuð til tveggja ára í senn. Stefnan skal lögð fram og kynnt af rannsóknarráði fyrir deildarfundi einu sinni á ári en á þeim fundi skal jafnframt farið yfir árangur síðastliðins árs.
- b. Koma á og viðhalda rannsóknarsamstarfi við innlenda og erlenda aðila, í samráði við kennara á tilteknum fræðasviðum
- c. Próa matskerfi til magngreiningar og sjálfsmats á rannsóknarstarfi innan deildarinnar.
- d. Móta stefnu varðandi rannsóknarsamstarf milli kennara og nemenda.
- e. Að fylgjast með framvindu og stöðu rannsóknarverkefna innan deildarinnar.
- f. Aðstoða við skipulagningu náms- og ráðstefna á vegum lagadeildar.

Rannsóknarstefna lagadeildar 2006-2008 er birt á heimasíðu deildarinnar.

### **Námsmatsnefnd:**

Hlutverk námsmatsnefndar er að afgreiða beiðnir um mat á námi/námskeiðum úr öðrum skólum.

Nefndina skipa:

Guðrún Gauksdóttir  
Jóna K. Kristinsdóttir  
Þórður S. Gunnarsson

# **Reglur um Rannsóknarráð lagadeildar Háskólans í Reykjavík**

## **1. gr.**

### **Hlutverk**

Hlutverk Rannsóknarráðs er að stuðla að og efla rannsóknir innan lagadeildar Háskólans í Reykjavík í innlendu og alþjóðlegu samhengi.

## **2. gr.**

### **Skipun ráðs**

Í Rannsóknarráði sitja þrjú starfsmenn deildarinnar skipaðir af deildarfundi til eins árs í senn, þar af einn sem formaður.

## **3. gr.**

### **Verkefni Rannsóknarráðs**

Helstu verkefni Rannsóknarráðs eru:

- a) Að vinna að stefnumótun rannsókna innan deildarinnar. Stefnumótun skal unnin í samráði við starfandi kennara deildarinnar og eftir atvikum aðra starfsmenn. Stefna skal mótuð til tveggja ára í senn. Stefnan skal lögð fram og kynnt af rannsóknarráði fyrir deildarfundi einu sinni á ári en á þeim fundi skal jafnframt farið yfir árangur síðastliðins árs.
- b) Koma á og viðhalda rannsóknarsamstarfi við innlenda og erlenda aðila, í samráði við kennara á tilteknum fræðasviðum
- c) Þróa matskerfi til magngreiningar og sjálfsmats á rannsóknarstarfi innan deildarinnar.
- d) Móta stefnu varðandi rannsóknarsamstarf milli kennara og nemenda.
- e) Að fylgjast með framvindu og stöðu rannsóknarverkefna innan deildarinnar.
- f) Aðstoða við skipulagningu náms- og ráðstefna á vegum lagadeildar.

## Rannsóknastofnanir á vegum lagadeildar HR

Við lagadeild HR eru starfræktar þrjár rannsóknarstofnanir og Miðstöð Evrópuupplýsinga. Nemendum gefst kostur á að starfa við þessar stofnanir, m.a. í tengslum við rannsóknarverkefni kennara og eigin rannsóknarverkefni.

Stofnun	Markmið	Dæmi um rannsóknarverkefni
<b>Evrópuréttarstofnun</b>	Auka rannsóknir á sviði Evrópuréttar hér á landi og stuðla að faglegri umræðu um stöðu Íslands í samfélagi Evrópuþjóða.	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Útgáfa skýringarrits með lögum um verðbréfavíðskipti. Áætluð útgáfa haustið 2008.</li> <li>2. Möguleikar við gerð reglna um losun gróðurhúsalofttegunda og áhrif þeirra. Samstarfsverkefni með Tækni- og verkfræðdeild.</li> </ol>
<b>Fjármálaréttarstofnun</b>	Markmið stofnunarinnar er að vera vettvangur rannsókna og umræðu á sviði löggjafar á sviði fjármálaþjónusturéttar, í því skyni að efla þekkingu og áhuga á sviðinu og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.	<ol style="list-style-type: none"> <li>3. Umhverfismat áætlna &amp; mat á umhverfisáhrifum framkvæmda - tengsl &amp; samþætting. Samstarfsverkefni með Tækni- og verkfræðdeild.</li> <li>4. Impact of International Criminal Procedures on Domestic Criminal Procedures in Mass Atrocity Cases (DOMAC).</li> </ol>
<b>Auðlindaréttarstofnun</b>	Stofnuninni er ætlað að vera vettvangur fyrir fræðilegar rannsóknir á réttarreglum sem varða hagnýtingu og vernd náttúruauðlinda, vera miðstöð þekkingar og fræðslu um auðlindarétt og veita þjónustu og ráðgjöf um lagaleg atriði á því sviði	<ol style="list-style-type: none"> <li>5. Almannatryggingar: Hlutverk og samspil við önnur bótaúrræði.</li> </ol>

# Rannsóknarstefna lagadeildar Háskólans í Reykjavík 2006-2008

*Stefna lagadeildar Háskólans í Reykjavík á sviði rannsókna.*

Við lagadeild Háskólans í Reykjavík skal unnið að lögfræðilegum rannsóknum í þágu lagamenntunar og samfélagsins alls. Stefna lagadeildar er að byggja upp öflugt rannsóknarstarf við deildina sem sé þekkt fyrir gæði bæði hérlendis og erlendis.

*Markmið lagadeildar Háskólans í Reykjavík á sviði rannsókna eru:*

1. að deildin sé vettvangur fyrir kennara með hæfni og metnað til að sinna rannsóknum á sviði lögfræði. Það verði gert með því að;
  - a. fastráða kennara sem eru eða hafa sýnt ótvíræða hæfni til að verða framúrskarandi fræðimenn.  
Leitast verður við að fastráða kennara sem hafa sýnt fram á að þeir eru eða hafa alla burði til að verða framúrskarandi fræðimenn. Í því samhengi verði horft til skrifa þeirra um fræðileg málefni, námsferils þeirra eða eftir atvikum starfsferils þeirra sem lögmenn eða lögfræðingar.
  - b. rannsóknir verði verulegur hluti af starfsskyldum fastráðinna kennara.  
Stefnt er að því að verulegur hluti af starfsskyldum fastráðinna kennara verði rannsóknir. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að semja um rannsóknarhlutfall einstakra kennara.
  - c. skilgreina hvað teljist til rannsókna.  
Þar sem gert er ráð fyrir því að meginreglan sé að rannsóknir kennara séu verulegur hluti af þeirra starfsskyldum og framgangur muni í flestum tilvikum ráðast fyrst og fremst af rannsóknarframlagi þeirra, er mikilvægt að skilgreina hvað teljist til rannsókna. Lagadeild byggir á því að rannsóknir feli í sér sköpun og dreifingu áreiðanlegrar þekkingar. Fræðileg vinna telst því ekki rannsóknarframlag nema í henni felist þekkingarsköpun og hún hafi verið birt á opinberum vettvangi. Við mat á gæðum rannsókna ber einkum að líta til þess hvort þær hafi með sýnilegum hætti hlotið gagnrýnið mat jafningja. Þá er það mikilvæg forsenda fyrir gæðum rannsókna að sjálfstæði og akademískt frelsi rannsakandans sé tryggt. Að þessum skilyrðum uppfylltum geta bæði rannsóknir sem einkum hafa hagnýtt gildi fyrir atvinnulífið og annars konar rannsóknir talist til rannsóknarframlags. Gert er ráð fyrir því að deildin setji nánari reglur þar sem kveðið verður á um hvað geti talist vera rannsóknarframlag í þessum skilningi.

- d. virkt eftirlit verði með rannsóknarframlagi fastráðinna kennara.  
Hver kennari þarf að setja sér markmið í rannsóknum til tveggja ára. Við mat á því hvort og að hvaða marki kennarar hafi sinnt rannsóknarskyldum sínum verður m.a. tekið mið af árangri kennara við að fylgja þessum markmiðum eftir. Deildarforseti hefur eftirlit með rannsóknarframlagi kennara.
- e. framgangur kennara taki mið af rannsóknarframlagi þeirra.  
Í samræmi við þær reglur sem yfirleitt er fylgt í háskólum, er stefnan sú að það sé meginregla að framgangur fastra kennara úr stöðu lektors í stöðu dósentis og þaðan í stöðu prófessors eigi sér stað á grundvelli undangengins mats þar sem mikil áhersla er lögð á rannsóknarstörf kennarans.
- f. gefa fastráðnum kennurum með verulega rannsóknarskyldu kost á að fara í rannsóknarleyfi með reglulegu millibili til þess að vinna eingöngu að rannsóknum.  
Háskólinn í Reykjavík hefur sett reglur um rannsóknarleyfi kennara, en þeim er ætlað að styðja enn frekar við kennara í rannsóknarstörfum þeirra. Á sama hátt er stefnt að því að erlendir kennarar komi hingað til rannsókna og kennslu.
- g. byggja upp gott bókasafn og veita aðgang að góðum upplýsingagrunnum til að auðvelda rannsóknir;  
Bókasafn og upplýsingaþjónusta Háskólans í Reykjavík er sérfræðisafn á fræðasviðum Háskólans í Reykjavík. Lagadeild leggur áherslu á öflugt bókasafn á sviði lögfræði sem eina af meginstöðum rannsókna við deildina. Hlutverk bókasafns og upplýsingaþjónustu skólans er meðal annars að styðja við rannsóknir við skólann með því að safna efni á fræðasviðum skólans, gera það aðgengilegt og veita viðskiptavinum fjölbreytta, nútímalega og persónulega þjónustu. Bókasafn og upplýsingaþjónusta skólans er rafræn þekkingarveita sem stefnir að því að vera þekkt að framsækni og fagmennsku á sviði bókasafns- og upplýsingamála og rækta samvinnu við innlend og erlend bókasöfn. Bókasafn og upplýsingaþjónusta tryggir starfsmönnum lagadeildar meðal annars aðstoð við efnisleit vegna rannsókna.
- h. tryggja kennurum aðgang að sérfræðiþekkingu innan skólans til að auðvelda aðgengi að rannsóknarstyrkjum og skilgreina markmið og leiðir að rannsóknarfé.  
Stefnt er að því að Rannsóknarmiðstöð Háskólans í Reykjavík veiti starfsmönnum lagadeildar aðstoð við umsóknir til opinberra rannsóknarsjóða, bæði innlendra og erlendra.

- i. tryggja lagadeild hlutdeild í rannsóknarfé.  
Í ljósi framangreindra markmiða og starfshátta stefnir lagadeild að því að fá hlut í rannsóknarfé úr opinberum sjóðum í eðlilegu hlutfalli við aðra háskóla og aðrar deildir innan Háskólans í Reykjavík. Þá er stefnt að því að verulegur hluti þess fjármagns sem nauðsynlegt er til rannsókna komi úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Lagadeild stefnir á liðsinni fyrirtækja í atvinnulífinu að því er varðar rannsóknir á tilteknum réttarsviðum.
  
  - j. skapa kennurum góða vinnuaðstöðu og -skilyrði til þess að sinna rannsóknum.  
Stefnt er að því að lagadeild skapi kennurum við deildina góða vinnuaðstöðu til að sinna rannsóknarvinnu og tryggi þeim aðgang að innlendum og erlendum bókasöfnum og rafrænum upplýsingagrunnum til að auðvelda þeim rannsóknarvinnu sína. Kennurum verði jafnframt tryggður aðgangur að starfsfólki sem hefur sérfræðipækkingu í heimildaöflun. Þá stefnir lagadeild að því að gera kennurum kleift að taka þátt í rannsóknarsamfélaginu hérlandis og erlendis, s.s. með þátttöku á fundum og ráðstefnum. Lagadeild virðir akademískt frelsi kennara.
  
  - k. stuðla að uppbyggingu rannsóknarstofnana og rannsóknarhópa á sviði lögfræði sem og að stuðla að þátttöku lagadeildar í þverfaglegum rannsóknarstofnunum og rannsóknarhópum.  
Lagadeild stuðlar að því að byggðar verði upp rannsóknarstofnanir og/ eða rannsóknarhópar á tilteknum sviðum í samræmi við þá færni og þekkingu sem fyrir hendi er innan lagadeildar. Þegar hefur verið lagður grunnur að þremur slíkum stofnunum, þ.e. evrópuréttarstofnun, rannsóknarstofnun í auðlindarétti og rannsóknarstofnun á sviði félaga- og fjármunaréttar. Þá hvetur lagadeild til þátttöku í þverfaglegum rannsóknarstofnunum og rannsóknarhópum.
2. að deildin njóti viðurkenningar hérlandis og erlendis fyrir rannsóknir sínar á sviði lögfræði og verði þar í fremstu röð. Það verði gert með því að:
    - a. kennarar birti rannsóknir sínar í ritrýndum fræðiritum eða á annan viðurkenndan hátt.  
Í samræmi við skilgreiningu lagadeildar á rannsóknum telst fræðileg vinna ekki rannsóknarframlag nema í henni felist þekkingarsköpun og hún hafi verið birt á opinberum vettvangi. Í samræmi við það sem almennt gerist verður því ekki talið að rannsóknum sé lokið fyrir en niðurstöður hafa verið birtar þannig að þær séu aðgengilegar vísindasamfélaginu og geti þar með sætt gagnrýni, lagt af mörkum til frekari þekkingarsköpunar og verið hluti af fræðilegri umræðu. Lagadeild leggur áherslu á það að

rannsóknir kennara hljóti birtingu á vettvangi sem þekktur er fyrir gæði hérlendis eða erlendis. Eitt mikilvægasta form gæðaeftirlits með rannsóknnum felst í því að þær hljóti gagnrýnið mat jafningja fyrir birtingu og mun lagadeild því leggja áherslu á það við mat á birtingum, hvort birt hefur verið í ritrýndum fræðiritum þar sem a.m.k. einn ritrýnandi hefur með gagnrýnum hætti metið rannsóknarframlag kennara. Kennslurit og önnur fræðirit á sviði lögfræði geta einnig haft í sér fólgið rannsóknarframlag. Þótt slík rit hljóti ekki jafningjamat fyrir birtingu skal meta þau til rannsóknarframlags að því gefnu að í þeim felist veruleg rannsóknarvinna og framlag til þekkingarsköpunar á viðkomandi sviði. Gert er ráð fyrir því að lagadeild setji nánari reglur þar sem viðurkennd birtingarform lögfræðilegra rannsókna eru ítarlega skilgreind. Til að stuðla að því að rannsóknarstarfsemi innan lagadeildar öðlist viðurkenningu bæði hérlendis og erlendis er stefnt að því að kennurum verði tryggð aðstoð við t.a.m. þýðingar og prófarkalestur eftir því sem þörf krefur.

- b. kennarar og rannsóknarstofnanir lagadeildar taki virkan þátt í vísindasamfélaginu hérlendis sem á alþjóðavettvangi og eigi frumkvæði að rannsóknarmálþingum og –ráðstefnum.  
Það er mikilvægur hluti af rannsóknum að taka þátt í virku vísindasamfélagi. Slíkt getur t.d. falist í samstarfi í skipulögðum eða óformlegum netum rannsækenda og kynningu á niðurstöðum rannsókna á fundum og ráðstefnum. Slík þátttaka eykur bæði færni rannsækenda og orðspor rannsókna við lagadeild. Lagadeild mun því styðja við þátttöku kennara á þeim vettvangi og hvetur einnig til þess að kennarar og rannsóknarstofnanir lagadeildar eigi frumkvæði að slíku.
- c. lagadeild og rannsóknarstofnanir hennar eigi frumkvæði að eða styðji með öðrum hætti við útgáfu fræðirita og ritraða á íslensku og erlendum tungumálum.  
Stefnt er að því að lagadeild styðji við útgáfu sem þegar er fyrir hendi eða eigi frumkvæði að útgáfu rita og/eða ritraða. Í því sambandi leggur lagadeild áherslu á gæði ritstjórnar og ritrýni. Til að stuðla að því að lagadeild öðlist viðurkenningu einnig erlendis, er stefnt að því að metið verði hvað af efni því sem gefið er út af deildinni eigi erindi til breiðari hóps og verði það þá eftir atvikum gefið út á öðrum tungumálum en íslensku.
- d. kennarar gefi kost á sér til þátttöku í mótun löggjafar.  
Þrátt fyrir að þar sé ekki um rannsóknir í þrengsta skilningi að ræða er það álit lagadeildar að það sé æskilegt að kennarar hennar hafi svigrúm til þess að bjóða fram sérþekkingu sína er löggjöf er mótuð eða sett og að þekking þeirra nýtist samfélaginu einnig með þeim hætti.
- e. rannsóknarstofnanir og einstakir kennarar hvetji til og taki þátt í opin-



berum umræðum um lögfræðileg málefni á innlendum sem erlendum vettvangi.

Það er álit deildarinnar að kennarar skuli hvattir til að nýta þekkingu sína m.a. í opinberum umræðum um málefni á sérsviði þeirra. Á sama hátt og miðað er við það að kennarar birti niðurstöður rannsókna og nýti sérþekkingu sína í almennri umræðu er miðað við að þeir hvetji til almennra umræðna um málefni á sérsviði sínu, eftir atvikum með því að stofna til málstofa eða ráðstefna.

3. að tryggja opið og skapandi rannsóknarumhverfi. Það verði gert með því að;

a. virða rannsóknarfrelsi kennara.

Framtíðarsýn Háskólans í Reykjavík er að verða alþjóðlegur háskóli þekktur fyrir öflugar rannsóknir, lifandi kennslu og sterk tengsl við atvinnulífið. Markmið skólans og lagadeildar með þátttöku í vísindastarfi eru m.a. að efla nýsköpun í atvinnulífinu og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs, en einnig að afla nýrrar þekkingar þekkingarinnar vegna og styrkja innviði íslensks samfélags. Rannsóknir innan vébanda lagadeildar eru því ekki bundnar við ákveðin réttarsvið eða ákveðnar tegundir rannsókna. Með því að virða rannsóknarfrelsi kennara verður best tryggt umhverfi sem er opið, skapandi og gagnrýnið eins og sæmir háskóla í fremstu röð á sviði rannsókna.

b. legja áherslu á samstarf og sinna rannsóknum sem styðji við nýsköpun, tækniþróun og alþjóðasamskipti í víðasta skilningi.

Meðal leiðarljósa Háskólans í Reykjavík er víðtækt samstarf við fyrirtæki, háskóla, stofnanir og fræðimenn. Lagadeild hvetur því jöfnum höndum til rannsókna sem hafa hagnýtt gildi í samstarfi við atvinnulífið og annarra rannsókna í samstarfi við aðra háskóla og hópa fræðimanna hérlandis og erlendis. Lagadeild lítur einnig svo á að meðal þeirra aðila sem leggja beri áherslu á samstarf við í rannsóknum sé opinberi geirinn, þ.e. stjórnvöld og dómstólar, sem hafi mótandi áhrif á innviði íslensks samfélags og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Lagadeild leggur einnig jafna áherslu á rannsóknir á íslenskum viðfangsefnum og alþjóðlegum viðfangsefnum og hvetur bæði til lögfræðilegra rannsókna og þverfaglegra rannsókna.

4. að nemendur öðlist þekkingu og þjálfun í að stunda rannsóknir. Það verði gert með því að;

a. veita nemendum nauðsynlegan fræðilegan grunn til að gera þeim kleift að sinna rannsóknarvinnu.

Forsenda þess að namar geti öðlast þjálfun í að stunda rannsóknir er að

þeir hafi haldgóða þekkingu á fræðikerfi lögfræðinnar og aðferðafræði lögfræðilegra rannsókna.

- b. tengja meistaránám rannsóknarvinnu undir handleiðslu kennara.  
Það er stefna lagadeildar Háskólans í Reykjavík að efla áhuga nemenda á rannsóknum í lögfræði. Þýðingarmikill hluti meistaránáms mun verða rannsóknartengdur og þannig veita nemendum þjálfun í að stunda rannsóknar undir eftirliti og leiðsögn kennara deildarinnar.
- c. bjóða upp á doktorsnám við deildina.  
Skipulagt doktorsnám er mikilvægur vaxtarbroddur rannsóknarstarfs. Stefnt er að því að boðið verði uppá doktorsnám við lagadeild sem fyrst. Með því er stefnt að því að veita nemendum þjálfun í að móta, skipuleggja og framkvæma sjálfstæðar lögfræðilegar rannsóknir og leggja þannig af mörkum sjálfstætt frumlegt framlag til þekkingarsköpunar.
- d. gefa nemendum kost á að taka þátt í rannsóknarverkefnum, t.d. með því að kennarar fái þá til liðs við sig í þeirri rannsóknarvinnu sem þeir stunda hverju sinni;  
Það er lögð á það áhersla að kennarar greiði fyrir því að nemendur geti tekið þátt í rannsóknarstarfi. Það verður m.a. gert með því að gefa nemendum kost á að vinna að tilteknum þáttum í rannsóknum kennara. Í því skyni að hlúa að þessum þætti skal hugað að því að koma á fót stöðum launaðra aðstoðarmanna kennara.
- e. tryggja nemendum góða aðstöðu til þess að sinna rannsóknum;  
Stefnt er að því að skólinn tryggi nemendum við deildina góða aðstöðu til að sinna rannsóknum, t.d. aðgang að innlendum og erlendum bókasöfnum og rafrænum upplýsingagrunnum til að auðvelda þeim rannsóknarvinnu sína. Nemendum verði jafnframt tryggt aðstoð starfsfólks sem hefur sérfræðiþekkingu í heimildaöflun.
- f. veita nemendum stuðning við að skrifa tímaritsgreinar um lögfræðileg álitafni og birta þær;  
Þáttur í rannsóknum er birting niðurstaðna þeirra á opinberum vettvangi og með því hasla nemendur sér völl á sviði rannsókna og í umræðu á opinberum vettvangi. Stefnt er að því að kennarar hvetji til og veiti nemendum stuðning og leiðbeiningar við að skrifa tímaritsgreinar og birtingu þeirra. Slíkar greinar kunna eftir atvikum að verða birtar sem sam-eiginleg höfundarverk kennarans og nemandans hafi rannsóknarvinnan verið unnin á meistarastigi undir leiðsögn kennarans.

Samþykkt á deildarfundi lagadeildar Háskólans í Reykjavík, 17. maí 2006.



